

Skrifstofa Alþingis
B.t. utanríkismálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið (bókun 35), 890. mál.

Reykjavík, 9. maí 2023.

1. Inngangur.

Eftirfarandi umsögn er rituð að beiðni nefnda- og greiningasviðs Alþingis, sbr. umsagnarbeiðni sem send var undirrituðum 28. apríl sl. Í umsögn þessari er farin sú leið að hvetja Alþingi til þess að skoða frumvarpið ekki sem einangrað málefni, heldur sem hluta af stærri heild og í samhengi við þróun EES réttarins og að sjálfsögðu um leið í ljósi grundvallarreglna stjórnarskrárinnar viðvíkjandi stjórnskipan ríkisins. Við mótun afstöðu sinnar til frumvarps þess sem hér um ræðir ber þingmönnum skylda til að gaumgæfa frumvarpið út frá þeirri stóru mynd og heildstæða stjórnarfarslega samhengi sem birtist þegar sjónum er lyft upp á hið víðara svið.

Áhrif ESB hérlendis eru e.t.v. ekki öllum sýnileg hér á landi. Alþingi er að störfum og íslenskir dómstólar og íslenskir embættismenn í ráðuneytum og stjórnsýslustofnunum. En raunveruleikinn er sá að lög og reglur ESB síast hér inn í sífellt meira mæli, dómstólar horfa til niðurstaðna dómstóls ESB og embættismenn okkar starfa í þágu ESB (jafnvel fremur en Íslendinga). Réttarreglum sem uppruna sinn eiga hjá ESB er nú framfylgt hérlendis á ýmsum sviðum, sem ekki voru talin falla innan gildissviðs EES samningsins þegar hann var gerður.

Alþingismenn og þjóðin öll verða að greina þá þungu undiröldu og sterku strauma sem fætt hafa af sér það frumvarp sem hér er komið til meðferðar Alþingis. Frumvarpið er afsprengi hugmynda sem sl. áratugi hafa í auknum mæli rutt sér til rúms hér á landi og miða í reynd að umbyltingu í stjórnaritari og stjórnskipun Íslands. **Til að átta sig á þessu verðum við að skilja hvað ESB er í raun. Þáttur í því er að kunna skil á sögu ESB.**

2. Forsagan

Uppruna ESB í núverandi mynd má rekja aftur til hugmynda, sem fram komu á 3. áratugnum, um „Bandaríki Evrópu“ að Norður-Amerískri fyrirmynd. Það er saga sem halda ber á lofti, því hugmyndir um stofnun yfirþjóðlegs sambandsríkis, með ólýðræðislega kjörinni stjórn, hafa í árunna rás verið klæddar í ýmsan búning. Þannig hafa slíkar hugmyndir verið kynntar til sögunnar sem friðar-, tolla- og fríverslunarbandalag, efnahagsbandalag og nú ESB (pólítískt og efnahagslegt bandalag). Í þessu samhengi má ekki líta fram hjá því hlutverki sem

dómstóll ESB hefur tekið að sér, en hann hefur í reynd verið pólitískur dómstóll.¹ Í framgöngu sinni og réttarframkvæmd hefur dómstóllinn seilst langt út fyrir öll hefðbundin mörk dómsvaldsins og gerst leiðandi í samrunaferlinu og knúið í gegn bein réttaráhrif Evrópuréttarins og æðstu lögsögu ESB dómstólsins, sem aðildarríkin sáu ekki fyrir árið 1957. Eftir dóma í *Van Gend en Loos* og *Costa g. ENEL* hefur dómstóllinn haldið áfram á sömu braut.² Þannig má segja að við undirritun Lissabon sáttmálans 2009 hafi engin aðildarþjóð ESB mátt ganga þess dulin hvers konar réttarskipan þau væru að festa í sessi. Annað gildir um Íslendinga sem hvorki hafa undirritað Maastricht sáttmálann um stofnun ESB 1993 né Lissabon samninginn. Engu að síður hefur það gerst á síðustu misserum að Þýskaland og Pólland hafa sýnt vaxandi mótstöðu gagnvart því að beygja sig alfarið undir það að ESB fari með æðsta vald og að lög ESB yfirtrompi jafnvel stjórnarskrár ríkjanna.

Í upphafi Rómarsáttmálans segir að aðildarríkin skuldbindi sig til að vinna saman í átt að stöðugt nánara sambandi aðildarþjóða (e. „an ever closer union“). Ekki þar með sagt að öllum hafi verið ljóst hvað átt var við með þessu eða hversu langt þetta gengi.

Þrátt fyrir þá réttarmótun sem við höfum orðið vitni að sl. ár og áratugi er því haldið fram að fullveldi Íslands sé óskert. Hér fara hljóð og mynd ekki saman. Er verið að halla réttu máli? Getur verið að sérfræðingar og stjórnálmenn hafi hér leitast við að slá ryki í augu Íslendinga varðandi innleiðingu erlends réttar og áhrif ESB réttar? Þegar svo er komið að utanríkisráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins leggur fram frumvarp sem miðar að því að „skýrt og óskilyrt lagaákvæði sem réttilega innleiðir skuldbindingu samkvæmt EES-samningnum“ skuli ganga framur almennum íslenskum lögum ef þetta tvennt stangast á, „nema Alþingi hafi mælt fyrir um annað“, þá er rétt og tímabært að fram fari djúp og breið umræða um stöðu okkar innan EES samstarfsins og að hvaða ósi við fljótum hér sem þjóð.³

Öllum má vera orðið ljóst að löngu er tímabært að Íslendingar staldri við og skoði stöðu sína með tilliti til þeirrar viðsjárverðu stjórnskipunarframvindu sem orðið hefur og þeirrar

¹ Sjá til hliðsjónar: <https://www.lrb.co.uk/the-paper/v43/n01/perry-anderson/ever-closer-union>

² Í athyglisverðri grein eftir Morten Rasmussen

https://www.europeanpapers.eu/sites/default/files/pdf_version/EP_eJ_2021_2_12_Articles_SS1_6_Morten_Rasmussen_00505.pdf kemur fram að dómstól ESB hafi í raun verið ætlað pólitískt hlutverk frá upphafi, nánar tiltekið það meginhlutverk að koma stefnumiðum ESB í framkvæmd og ýta undir réttareiningu milli aðildarríkja. Þessi nýja opinberun, eftir að opnað var fyrir aðgang fræðimanna að skjölum um stofnun EB, hefur ekki vakið lukku alls staðar, og sumir fræðimenn gengið svo langt að gagnrýna að um þetta sé fjallað, sjá t.d. https://www.chathamhouse.org/2021/10/law-tool-eu-integration-could-be-ending?utm_source=facebook.com&utm_medium=organic-social&utm_campaign=european-union&utm_content=law-tool-integration&fbclid=IwAR1bw468EYUZYTDF7SmjRXiY3jTKEaRs0rABlwkVIGI4-HILNjKLhnb8290

³ Með þessu orðalagi er óbeint vísað til fleygra orða enska dómarans Lord Denning, sem líkti Evrópuréttinum fyrst við sjávarföll, þar sem yfirborðið hækkar smátt og smátt og rennur inn í ósa innlands réttar. Síðar á ferlinum líkti hann þessu við flóðbylgju sem næði lengst inn í ríkið.

útpenslu evrópsks samstarfs sem m.a. hefur fætt af sér Schengen samkomulagið um sameiginlega landamæragæslu, reglur um loftslagsmál o.fl. sem ekki voru í sjónmáli þegar EES samningnum var veitt lagagildi hérlendis með lögum nr. 2/1993.

3. Upphaf EES samstarfsins

Frammi fyrir þeirri réttarlegu framvindu sem að framan var lýst er full ástæða til að rifja upp **aðdraganda og tilgang EES samningsins.**

EFTA ríkin höfðu haft vaxandi áhyggjur af því að nánari samvinna EB ríkjanna myndi valda ójafnvægi. EES átti að svara þessu á hagnýtan hátt, með því að breikka samvinnuna og dýpka hana milli EB og EFTA. Framkvæmdastjórn EB var jákvæð gagnvart þessu frá upphafi (maí 1985) en tók fram að þetta mætti ekki hamla sjálfstæðri ákvörðunartöku EB, en meiri samvinnu væri vissulega þörf. EFTA ríkin höfðu áhyggjur af að einangrast.

Í marsmánuði 1989, nánar tiltekið dagana 14 og 15. mars það ár, var haldinn fundur EFTA ríkja í Osló. Gefin var út yfirlýsing þar um hvernig meta ætti samstarfið við EB. Sérstök áhersla var lögð á sameiginlega ákvarðanatöku og að samstarfið undirstrikaði að um væri að ræða *samstarf þjóða á jafnréttisgrunni* (e. community of equals).

Ráðherrafundur EFTA 20. mars 1989 undirstrikaði þetta með því að leggja til sameiginlega stýrinesnd háttsettra embættismanna (e. high level steering group). Ráðherrarnir funduðu um þetta fram í október 1989. Í desember 1989 var fundur milli EB og EFTA þar sem ákveðið var að ganga til formlegra viðræðna á fyrri hluta árs 1990.

Í kjölfar þess að Berlínarmúrinn féll höfðu EFTA ríkin háleitar hugmyndir um EES, sem gengu m.a. út á að austur-Evrópuþjóðir gætu fengið þar aðild síðar. Á ráðherrafundi EFTA og EB í Brussel 19. desember 1989 var sameiginleg ákvarðanatöku enn til umræðu. Bjartsýni ríkti um framhaldið. Unnið var út frá því meginsjónarmiði að ESS skyldi grundvallast á sameiginlegum reglum og sameiginlegri ákvarðanatöku. Jón Baldvin Hannibalsson sagði við það tækifæri að í húfi færi raunveruleg þátttaka í sameiginlegu EES ákvörðunarferli.

Síðastnefnt atriði var í raun forsenda þess að samningur um EES væri pólitískt ásættanlegur fyrir EFTA ríkin. Svissneski ráðherrann var alveg skýr um þetta: Það væri algjör grunnforsenda að ekki yrði samið um neins konar nýtt samstarf eða nýja tegund samvinnu milli EFTA og EB, nema tryggt yrði að undirbúningur ákvarðana og ákvörðunartöku yrði sameiginleg.

17. janúar 1990, nákvæmlega ári eftir að Jacques Delors, forseti framkvæmdarstjórnar EB (European Commission), hafði haldið hástemmda ræðu um mikilvægi samstarfs og sameiginlegrar ákvörðunartöku milli EFTA og EB, breytti hann um tón. Í ræðu í þingi ESB þennan dag sagði hann ljóst að taka yrði tillit til hagsmuna EFTA ríkjanna við stærri ákvarðanatöku hjá EB. En um sameiginlega ákvarðanatöku gæti þó ekki verið að ræða. Þarna var því mörkuð stefna í átt til ójafnræðis og þvingunar. EFTA ráðið mótmælti í júní 1990 og endurtók að raunveruleg sameiginleg ákvarðanatöku væri grunnforsenda þess að EES

samningur væri pólitískt ásættanlegur og að slíkur samningur hefði lagaleg áhrif (e. legal effectiveness) fyrir EFTA ríkin.

Í október 1990 voru viðræðurnar farnar að snúast um tvö lykilatriði:

- að hve miklu leyti EFTA ríkin gætu mögulega vikið frá þeim reglum EB sem teldust bindandi (fr. *acquis communautaire*)
- tregðu EB til að gefa kost á viðræðum um sameiginlega ákvarðanatöku

EFTA ríkin lögðu til málamiðlun 23. október 1990:

- lágmarkaður yrði sá fjöldi reglna sem EFTA ríkin gætu vikið frá
- en í staðinn yrði tryggt að samið yrði um reglur sem tryggðu raunverulega sameiginlega ákvarðanatöku.

Þessu var hafnað. Á ráðherrafundi í Brussel 19. desember 1990 var samþykkt niðurstaða um almennt orðalag, sem gekk út á að „virða bæri sjálfstæða ákvörðunartöku samningsaðilanna“. Mælt yrði fyrir um málsmeðferðarreglur sem miðuðu að því að höfð yrði hliðsjón af sjónarmiðum EFTA ríkjanna (e. taken into account). Þetta ristir þó ekki dýpra en svo að sérfræðingum EFTA ríkjanna gefist tækifæri, á jafnræðisgrunni, til samráðs við undirbúning nýrrar löggjafar um mál sem tengdust EES.

Þar með var leiðin greið fyrir undirritun EES samningsins í maí 1992.

Til að bæta upp fyrir skort á sameiginlegri ákvörðunartöku var sett inn ákvæði í 112. gr. um sérstakar öryggisráðstafanir sem ríkin gætu gripið til í neyð,⁴ en niðurstaðan var óviðunandi fyrir EFTA ríkin. Það duldist engum.

Segja má að með lögleiðingu EES samningsins 1993 hafi runnið upp nýr tími, sem í framkvæmd hefur haft í för með sér umbreytandi áhrif á réttarskipan Íslendinga. Samhliða því að Ísland hefur stöðugt sogast nær straumið Evrópuréttarins hafa lýðræðislegar rætur íslensks réttar trosnað með hverju árinu samhliða því að lögin taka á sig svipmót valdboðs að ofan. Af þessu hefur leitt að Alþingi Íslendinga hefur verið gengisfellt sem löggjafarstofnun og grafið hefur verið undan lýðræðislegu aðhaldshlutverki almennra kjósenda. Verði frumvarp utanríkisráðherra um bókun 35 að lögum mun það marka ákveðinn endapunkt þeirrar þróunar sem lýst hefur verið hér að framan. Með vísan til alls framanritaðs tekur undirritaður undir varnaðarorð Arnaldar Hjartarsonar og Stefáns Más Stefánssonar, sbr. umsögn þeirra til Alþingis 5. mars 2023. Nánar tilgreint er undirritaður sammála því mati Arnaldar og Stefáns Más að frumvarp þetta fái vart staðist út frá ákvæðum stjórnarskrár um hlutverk og valdsvið Alþingis, en veki auk þess upp áleitnar spurningar um framtíð lýðræðis á Íslandi. Að þessu verður nú nánar vikið.

⁴ Þessum synjunarrétti hefur Ísland aldrei beitt í sögu EES samstarfsins.

4. Nýtt stjórnkerfi?

Evrópurétturinn (réttur ESB) er hvorki samansafn samninga milli fullvalda ríkja né eitthvað sem stendur fyrir utan réttarkerfi aðildarríkjanna. Aðildarríki ESB hafa afsalað hluta fullveldis síns og skapað nýtt og sjálfstætt réttarkerfi (lat. sui generis) sem bindur bæði ríkin og borgara þeirra.

Þrennt stingur í augun við þetta kerfi:

1. Hvernig lögin eru samin, þ.e. sem fyrirskipanir, stundum án sjáanlegra tengsla við daglegar þarfir fólks / fyrirtækja, án aðkomu kjörinna fulltrúa á löggjafarþinginu, án þess að aflað sé umsagnar íslensks almennings eða félagasamtaka. Í þessu er fólgin ákveðinn háski, sem ég hef fjallað ítarlega um á öðrum vettvangi.⁵
2. Vélrænt og ómanneskjulegt yfirbragð réttarins, þar sem fólki / fyrirtækjum / ríkjum er refsað fyrir að hlýða ekki forskrift embættismanna (kerfisins) í hvívetna. Af þessu leiðir að rétturinn fer að snúast mikið um að uppfylla formkröfur, fylla út eyðublöð, sinna uppfærslum o.s.frv. í stað þess að lögð sé áhersla á að rétturinn þjóni daglegu lífi, takist á við knýjandi vandamál.
3. Embættisveldi / skrifstofuveldi (e. bureaucracy) verður miðlægt í réttarkerfinu. Í stað þess að embættismenn séu í þjónustuhlutverki (þjónar réttarins sem vinna eið að stjórnarskrá síns ríkis) er stöðugt verið að veita embættismönnum meiri völd. Í raun má líkja þessu nánast við menningarbyltingu á sviði laga: Í stað þess að embættismenn séu í aukahlutverki við að framfylgja reglum er risið upp embættismannaveldi sem verður stöðugt ágengara og sogar til sín stöðugt meiri áhrif og völd.

Í raun stöndum við hér frammi fyrir nýrri tegund stjórnkerfis, **þar sem lýðræðisleg umræða er leyst af hólmi með tilbúinni hugmyndafræði (pólitískri rétthugsun)**. Í slíku kerfi er gagnrýnin, skapandi og rökræn hugsun í auknum mæli jaðarsett, ritskoðuð og þöggðu niður.

Þetta nýja stjórnarfar, sem nú teygir anga sína æ lengra inn í stjórnkerfi íslenska lýðveldisins, birtist í fyrrnefndri grundvallarbreytingu á því hvernig lögin verða til. Áður voru lögin sett af þjóðkjörnum fulltrúum almennings, sem svöruðu til ábyrgðar gagnvart borgurunum. Nú verða lög, á sífellt fleiri sviðum, til með allt öðrum aðferðum. Í raun er þetta umbylting á lagasetningu, þar sem lögin verða til hjá embættisveldinu, oft að undangengnum alls kyns „lobbýisma“, þar sem reglurnar eru samdar á bak við luktur dyr, birtar án umræðu og leiddar í lög með stimpli / einföldu samþykki kjörinna þingmanna.

Frammi fyrir þessu blasir við að í reynd liggur valdið hjá ókjörnum og óþekktum embættismönnum sem bera enga lýðræðislega ábyrgð. Í Brussel starfa nú yfir 30.000 embættismenn bara hjá framkvæmdastjórn ESB (e. Commission). ESB er í raun orðin eins konar „lagaverksmiðja“.

⁵ Sjá t.d. Arnar Þór Jónsson, „Yfirvald eða sammæli? Lögin sem afsprengi tveggja aflvaka“ í *Lög og samfélag* (Háskólaútgáfan og Háskólinn í Reykjavík 2016), 125-160.

Umbyltingin sem orðin er á stjórnarfarir ESB ríkjanna (og raunar héraendis einnig) dylst enn mörgum þar sem stofnanir þjóðríkjanna eru allar enn að störfum. Munurinn er bara sá að erlent, yfirþjóðlegt vald starfar í gegnum þær. Út frá sjónarmiðum og beinum grundvallarákvæðum m.a. stjórnarskrár lýðveldisins um að Ísland er sjálfstætt og fullvalda ríki með þingbundinni stjórn og þar til heyrandi valddreifingu og valdtemprun ríkisvaldsþáttanna þriggja hvers gagnvart öðrum, lýðræðislegt aðhald og gagnsæi við opinbers valds er óforsvaranlegt að Íslendingar búi við slíkt ósýnilegt vald sem svarar ekki til neinnar stjórnskipulegrar ábyrgðar gagnvart þegnum íslenska lýðveldisins.

Embættismenn í Brussel hafa aðgang að, njóta liðveislu og styrks frá þúsundum embættismanna í aðildarríkjum ESB – og nú einnig á Íslandi. Allt þetta fólk starfar í þágu þessarar stærstu lagaverksmiðju sem nokkurn tímann hefur sést í mannkynssögunni. Þetta birtist m.a. í sívaxandi þunga og hlutfalli ESB réttar í lagasetningu í aðildarríkjum – og á Íslandi. Á vef Alþingis má sjá - og það hefur skrifstofa þingsins staðfest - að um fimmtungur stjórnarfrumvarpa á 151. löggjafarþingi var upprunninn í ESB, þá er átt við fjölda en hvorki tekið tillit til umfangs eða mikilvægis, sem þess vegna gæti verið miklu stærra hlutfall - þótt erfitt kunni að vera að meta/mæla nákvæmlega.

Ferlið í reglusetningunni er ógagnsætt og fáum skiljanlegt. Coreper, nefnd fastafulltrúa ESB ríkjanna (e. Committee of the Permanent Representatives of the Governments of the Member States to the European Union) fer með mikið vald. Á undirbúningsstigi hjá Coreper hafa embættismenn, sérfræðingar og alls kyns „lobbýistar“ (sem talið er að séu um 25.000 í Brussel) mest um innihaldið að segja. Aðeins á lokastigum koma lýðræðislega kjörnir fulltrúar að málum, þ.e. þegar málin koma tilbúin frá Coreper. Fundir ráðherraráðsins (sem starfar vissulega á ákveðnum lýðræðislegum grunni, þar sem þeir svara til ábyrgðar heima fyrir) eru haldnir á bak við luktur dyr, án þess að haldnar séu opinberar fundargerðir, enginn veit hvað er sagt þar og hvernig atkvæði eru greidd. Flest málin (meira en 80%) fara þó í gegnum ráðið án nokkurrar umræðu. Aðeins þau sem eru merkt með stjörnu fá einhvers konar umræðu. Þau ríki sem viðhafa sambærilegar, leynilegar og ólýðræðislegar, aðferðir við afgreiðslu laga aðhyllast stjórnarfarir sem Íslendingar vilja vart samsama sig með.

Geigvænlegt magn af lögum rennur þannig í gegnum kerfið. Þingmenn í aðildarríkjum ESB hafa engin áhrif á þetta ferli eða efni reglnanna. Ljóst má vera að áhrif kjörinna fulltrúa á Alþingi Íslendinga eru minni en engin. Reynslan hefur sýnt að engar líkur eru á að aðildarríki ESB hafni innleiðingu ESB reglna í landsrétt. Hér á landi hefur reynslan verið sú hin sama, svo sem fyrr greinir, þar sem Ísland hefur aldrei beitt neitunarvaldi. Í þessu birtist mikil valdatilfærsla frá stjórnámálum til embættismanna, sem gengur þvert gegn öllum lýðræðislegum undirstöðum. Auk þess blasir við að þetta fyrirkomulag er skaðlegt fyrir lýðræðið og stjórn málin, bæði í lengd og bráð. Jafnframt má segja að með þessu móti sé daglega grafið undan lögum þeirra reglna sem borgarar aðildarríkja ESB (og EES) búa við. Með því að sogast sífellt nær þessu valdakerfi er tekin stöðugt meiri áhætta af því að stjórn málin slitni af sinni lýðræðislegu rót.

5. Nánar um Evrópurétt og íslensk lög

Framangreindar línur eru ritaðar til að minna á að þegar Íslendingar gerðust aðilar að EES var það sagt vera í þeim tilgangi að fá aðgang að sameiginlegum markaði. Aðild okkar að EES var aldrei kynnt til sögunnar sem fyrsti þáttur í einhvers konar pólitískum samruna með öðrum Evrópuríkjum og síðar sambandsríki með yfirþjóðlegri stjórn.

Nú, 30 árum síðar er brýnt að við horfumst í augu við þá fullveldisskerðingu sem EES hefur í framkvæmd leitt yfir okkur. Ef Íslendingar vilja eiga síðasta orðið um hvaða lög gilda hér í þessu landi má Alþingi ekki samþykkja frumvarpið sem hér um ræðir. Þar segir orðrétt:

Ef skýrt og óskilyrt lagaákvæði sem réttilega innleiðir skuldbindingu samkvæmt EES-samningnum er ósamrýmanlegt öðru almennu lagaákvæði skal hið fyrrnefnda ganga fram, nema Alþingi hafi mælt fyrir um annað. Sama á við um skuldbindingar sem eru innleiddar með stjórnvaldsfyrirmælum. [Leturbr. APJ]

Seinni setningin í frumvarpstextanum hér að ofan hefur að geyma lögfræðilegan fingurbrjót. Stjórnvaldsfyrirmæli geta aldrei gengið framur settum lögum, þaðan af síður fyrirmælum stjórnarskrár, ef í milli ber. Þetta ákvæði er því ekki með nokkru móti unnt að leiða í lög, enda í andstöðu við fyrrgreind grundvallarákvæði og undirstöðusjónarmið stjórnarskrárinnar sbr. það sem rakið var hér að framan.

Feitletraða setningin í frumvarpstextanum er að mínum dómi villandi yfirbreiðsla og sjónhverfing. Ef Alþingi verður á annað borð búíð að leiða í lög almenna forgangsreglu EES réttar gagnvart ósamrýmanlegum íslenskum rétti, þá sýnir reynslan, bæði ESB ríkjanna og nú reynsla Íslendinga í 30 ár, að 0% líkur eru á því að Alþingi muni setja lög sem fara í bága við EES réttinn, enda myndi slík lagasetning í ríki sem samþykkt hefur forgang EES réttar teljast jafngilda sammingsbroti. Það skal áréttað hér um leið að fyrirhugað forgangsákvæði getur að réttu lagi heldur ekki með nokkru móti staðist grundvallarreglur stjórnarskrár varðandi aðallega stjórnskipulega stöðu og sjálfstæði Alþingis. Slík lagasetning myndi jafnframt vera til þess fallin að opna fyrir óteljandi skaðabótamál á hendur íslenska ríkinu, þar sem byggði yrði á því að hlutaðeigandi hefðu haft réttmætar væntingar um forgang EES réttar samkvæmt skýrri meginreglu frumvarpsins. Alþingi á ekki að taka þátt í að setja hér lagareglur sem ætlað er það hlutverk að blekkja Íslendinga til að halda að fullveldi Íslands sé óskert þegar búíð er að leiða í lög skýrt ákvæði um almennan forgang EES réttar. Alþingi, sem löggjafarþing, getur ekki leikið tveimur skjöldum gagnvart umbjóðendum sínum, þ.e. íslenskum kjósendum, með því að grafa undan löggjafarhlutverki sínu með því að viðurkenna forgang EES reglna en látast á sama tíma geta sett lög sem haggja forgangsreglunum sem stafa frá Brussel. Hér er komið að brennipunkti í íslenskri lagasetningu og íslenskri lögfræði: Meðan Ísland er samkvæmt gildandi stjórnarskrá lýðveldi með þingbundinni stjórn, sbr. 1. gr. stjkskr., leyfist Alþingi ekki að setja á svið einhvers konar blekkingarleik gagnvart íslensku þjóðinni um það að fullveldi landsins verði óskert þegar búíð yrði að samþykkja frumvarp utanríkisráðherra. Viðurkenna þarf heiðarlega og afdráttarlaust hver staðan er. Hún er sú að þegar til kastanna

kemur, þ.e. þegar íslenskur réttur stangast á við ESB rétt, þá er krafa ESB afdráttarlaus: Íslenskur réttur skal víkja. Að þessu skal nú nánar vikið.

6. Krafan um forgang EES réttar

ESB krefst algjörRAR réttareiningar innan EES svæðisins. Krafan nú, sem fyrr, er sú að aðildarríki viðurkenni að ákvörðunarvaldið er í Brussel, sbr. það sem fyrr greinir.

Norðmenn hafa tekið sér visst svigrúm (n. handlingsrom) við framkvæmd EES samningsins á ýmsum sviðum. Afstaða norsku ríkisstjórnarinnar 2019/2020 um að ESB hefði enga heimild til að skipta sér af úthlutun vatnsréttinda í Noregi er hluti af þessu athafnarými (n. handlingsrom) sem þeir telja sig hafa. Svo virðist sem Carl Baudenbacher, fyrrum forseti EFTA dómstólsins, hafi verið mjög gagnrýnn á afstöðu Norðmanna og fundist þeir taka sér of mikið svigrúm / víkja of langt frá EES samningnum.

Til samanburðar má minna á að í ágreiningi sem kraumað hefur milli ESB og Póllands hafa embættismenn ESB verið ómyrkir í máli: Líftaug ESB mun slitna ef Pólland knýr fram viðurkenningu á að stjórnarskrá þeirra standi ofar rétti ESB.⁶ Í yfirlýsingu 8. október 2021 sagði Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdarstjórnar ESB, afdráttarlaust að réttur ESB gengi framars landsrétti, þ.m.t. ákvæðum í stjórnarskrám aðildarríkjanna. Þetta væri það sem aðildarríki ESB hefðu undirgengist og „við munum beita öllu því valdi sem við höfum á grundvelli samningana til að tryggja þetta“.⁷

Vert er að muna í þessu samhengi að Pólland er ekki eitt í þessu. Þjóðverjar hafa líka tekið einarða afstöðu og lýst því yfir að lög ESB gangi ekki framars þeirra stjórnarskrá. Ekki er útlilokað og raunar ekki ólíklegt að fleiri ríki muni fyrr en síðar feta sömu braut. Með frumvarpi því sem hér er til umsagnar er verið að beina íslenskum rétti í sömu átt og lögum stórbjóða sem gengist hafa ESB á hönd, sem við höfum þó aldrei gert.

Með frumvarpi utanríkisráðherra er stýrt hættulega nærri ólýðræðislegri straumröst sem allt vill gleypa. Hér er engan milliveg að finna: Annað hvort gangast aðildarríkin undir það að lög ESB yfirtrompi þeirra eigin lög eða að ESB samþykki að lög aðildarríkjanna geti gengið framars ESB rétti. Ef ESB treystir sér til að hóta Pólverjum, sem eru tæplega 38.000.000 talsins, með þvingunarvaldi geta menn rétt ímyndað sér hvað sagt verður við Íslendinga (380.000) ef smáþjóðin hyggst rjúfa réttareininguna.

Réttur ESB (og EES) byggir á þeirri forsendu að fjórfrelsið trompi allt annað á *innri markaðnum*, hvort sem um er að ræða alþjóðarétt (þjóðréttarlega samninga) eða lög aðildarlandanna. Þetta er ástæðan fyrir tilurð og tilvist bókarar 35 þar sem kveðið er á um að aðildarlönd skuli setja lög þess efnis, að þar sem landslög rekist á við EES-samninginn eða reglur, á honum reistar, þar skuli landslög víkja. Norðmenn munu hafa sett slík lög, en Íslendingar ekki. ESA gerði

⁶ <https://www.telegraph.co.uk/world-news/2021/10/19/eu-will-not-survive-poland-wins-rule-of-law-battle-brussels>

⁷ Sjá https://ec.europa.eu/commission/presscorner/detail/en/statement_21_5163

athugasemd um þetta gagnvart ríkisstjórn Íslands 2017, sagði að þetta vantaði hér.⁸ Íslendingar hafa í árunna rás sett fram röksemdir til stuðnings því að þetta sé óþarft og þau rök hafa haldið í þrjá áratugi. Ekkert er komið fram sem varpar ljósi á hvers vegna nauðsynlegt sé að breyta þessu nú. Við þetta er því að bæta að íslenskir ráðamenn hafa **ekki fengið neitt umboð** til að gefa loforð / skuldbinda Ísland gagnvart erlendum kollegum eða erlendum embættismönnum til slíkra stórræða sem liggja hér á borði Alþingis með hugsanlegum loforðum um að „bæta úr þessu“ með lagasetningu hérlendis. **Íslenskir stjórnámálmenn hafa engar trúnaðar- eða hollustuskyldur við aðra en umbjóðendur sína, þ.e. íslenska kjósendur.**

EES-rétturinn er enn vaxandi að umfangi, teygir sig stöðugt lengra og regluverkið verður sífellt þyngra í vöfum. Þetta umhverfi hentar illa íslenskum fyrirtækjum, sem öll eru lítil/meðalstór á evrópskan mælikvarða. Frumvarpið miðar að því marki að samstillta réttinn (þ. Gleichschaltung) á öllu EES-svæðinu. Ómögulegt er þó að segja hvert þetta kann að leiða því ESB/EES-rétturinn hefur stöðugt verið að þenjast út með næsta ófyrirsjáanlegum hætti. Þrátt fyrir þessi óljósu ytri mörk stöndum við hér frammi fyrir því að réttur ESB/EES skuli hafa stöðu æðstu laga, m.ö.o. reglna sem ekki má breyta og ætlað er að þjóna sem rammi utan um alla aðra lagasetningu með því að afmarka hvað telst leyfilegt og hvað ekki.

Ef Alþingi samþykkir frumvarpið og þar með forgang EES-réttar umfram íslensk lög, má öllum vera ljóst að ESB mun eftir það alls ekki sætta sig við að Alþingi setji sérreglur sem raska þeirri réttareiningu og þeirri réttshæð lagareglna sem forgangsreglan miðar að.

Með frumvarpinu er stefnt að því að Alþingi geri Íslendinga ofurselda forgangsrétti EES-reglna, þrátt fyrir að þær eigi uppruna sinn hjá stofnunum ESB og þrátt fyrir að ESB hafi allt tangarhald á túlkunarvaldi um þessar reglur. Flutningsmenn og stuðningsmenn frumvarpsins sem telja að ESA og EFTA- dómstóllinn muni geta veitt ESB viðnám í því samhengi sem hér um ræðir hljóta að hafa óraunsæja sýn á styrk hinnar veiku EFTA-stoðar í EES-samstarfinu. Annars gætu þau ekki með góðri samvisku stutt frumvarp sem miðar að því að veikja grundvallarstofnanir og burðarstoðir okkar eigin lýðveldis.

7. Varnaðarorð

Verði frumvarpið að lögum væri verið að taka skref sem gæti reynst afdrifaríkt. Íslenskum rétti yrði teflt í óvissu með því að leggja mótun hans í hendur manna sem við þekkjum ekki og svara ekki til neinnar ábyrgðar gagnvart íslenskum kjósendum. Með frumvarpinu er ýtt undir réttaróvissu, vegið að réttaröryggi, grafið undan fyrirsjáanleika laga og réttmætum væntingum Íslendinga gagnvart síðar samþykktum lögum frá Alþingi. Má jafnframt álíta að innleiðing forgangsákvæðisins gangi í berhögg við til að mynda 1. gr. og 2. gr. stjórnarskrár okkar, en eins og kunnugt má vera marka tilvitnaðar greinar grundvallarstoðir og undirstöður stjórnarfars Íslands að verulegu leyti. Þess er þá að geta ákvæðum stjórnarskrár verður ekki

⁸ <https://www.althingi.is/alttext/150/s/2146.html>

breytt nema að undangengnu því lýðræðislega réttarferli sem boðið er í henni sem sjálfri sem grundvallarlögum okkar Íslendinga, sbr. einkum 79. gr. stjkskr.

Sem smáþjóð höfum við Íslendingar alltaf þurft að beita lögum í vörn gegn ágengni annarra þjóða. Títtnefnt frumvarp er til þess fallið að slá þetta eina vopn úr höndum okkar og afhenda ESB vald til að setja lögin, túlka þau og framkvæma. Út frá þessu blasir við að málið er hálögfræðilegt og þarfnast mjög vandlegar lögfræðilegrar ígrundunar áður en það verður sett í pólitíska umræðu og atkvæðagreiðslu. Þetta mál má því ekki keyra blindandi í gegnum Alþingi án þess að þingheimur og almenningur allur hafi gert sér skýra grein fyrir hvað hér er í húfi.

8. Samantekt

Engin formleg og bindandi ákvörðun hefur verið tekin um það í Evrópu að stofna sambandsríki (alríki, samsett af smáríkjum), eins og þó var gert með lýðræðislegum hætti í Norður Ameríku. Engin ákvörðun verið tekin um það á Íslandi að gerast hluti af alríki. **Þetta er grundvallaratriði.** Hugmyndafræðingar evrópusamrunans hafa aldrei sagt beint út að þetta sé markið sem að er stefnt. Þó má öllum nú vera það ljóst. Þetta hefur í reynd verið gert að nokkurs konar trúarlegu atriði.

Með allt framangreint í huga verða alþingismenn **að afstýra því að tengslarof verði milli kjósenda og þeirra sem setja okkur lagareglur.** Er ásættanlegt að á milli valdhafa og borgara sé engin gagnvirkni, engin endurgjöf, engin gagnrýni, engin tengsl hvað ábyrgð varðar? Er ekki með þessu vegið að öllu hefðbundnu, lífrænu stjórn málaferli, þ.m.t. lýðræði og lagasetningu? Ef það stjórnarfyrikomulag sem hér var lýst felur í sér breyttan valdastrúktúr, hvernig eru þá misheppnaðar reglur endurskoðaðar, hvernig eru mistök leiðrétt, hvernig eru vond lög færð til betri vegar? Hver er staða íslensks almennings í slíku valdakerfi? Eiga borgararnir ekki annan valkost en að reiða sig á velvild stjórnvalda í þeirra garð og treysta þeim í blindni er þeir umboðslaust handsala vald og ákvarðanatöku úr landi? Erum við þá dæmd til að hlýða án aðhalds, án andófs og án hugsunar?

Í stuttu máli tel ég ástæðu til að vekja máls á því að við Íslendingar erum samkvæmt framansögðu mögulega komin á allt aðra vegferð en lagt var af stað í á árunum 1992 og 1993. Ísland gekk í EES til að taka þátt í efnahagslegu samstarfi, en ekki á þeim forsendum að við værum að ganga í stjórnmalabandalag. Hér má ekki gleyma því heldur að gagnaðili Íslands og annarra EFTA-ríkja í EES, þ.e. Efnahagsbandalag Evrópu (EB), hefur stökkbreyst í átt til sambandsríkis (ESB), sbr. sérstaklega þau áhrif sem leiddu af Maastricht-sáttmálanum (sem tók gildi 1. nóvember 1993) og Lissabon-sáttmálanum (sem gekk í gildi 1. desember 2009). Þessar umbreytingar fengu aldrei tilhlýðilega umræðu hér á landi og ESB tók í framhaldinu að koma fram við EES ríkin eins og þau væru aðildarríki ESB.

Hvaða hagsmunum og þörfum þjónar það mögulega að íslensk þjóð afsali sér fullveldi og sjálfsákvörðunarrétti og lýðræðislegum stjórnarháttum? Alþingi og ríkisstjórn Íslands sækja umboð sitt til íslenskra kjósenda. Kjörnir fulltrúar okkar á Alþingi hafa ekki þegið neitt

lýðræðislegt umboð til að afhenda stjórnartauma, ríkisvald og löggjafarvald, í hendur erlendra valdastofnana.

9. Lokaorð

Af öllu framangreindu leiðir að frumvarp utanríkisráðherra er ófullburða, vanhugsað og stenst ekki kröfur og mikilvægustu grundvallarreglur stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Því ber þingmönnum skylda til að stöðva frumvarpið í nefnd. Takist það ekki ber þingheimi að kjósa gegn því að frumvarpið verði að lögum, því það felur í raun í sér aðför að stjórnskipun íslenska lýðveldisins. Að öðrum kosti bregðast þingmenn því drengskaparheiti sem þeir hafa unnið að stjórnarskránni og væru með því, í reynd, að breyta henni eftir stjórnskipulega ólögumætum og ólýðræðislegum leiðum sem allt eins mætti líta á sem brot gegn öryggi og sjálfstæði lýðveldisins Íslands, sem jafna mætti við ólögmeta ríkisvaldsyfirtöku, er ótvírætt hefði ófyrirsjáanlegar og alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir samfélagið allt.

Virðingarfyllst,



Arnar Þór Jónsson.

Nefndarsvið Alþingis
b.t. utanríkismálanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Kópavogur, 3. maí 2023

Þann 24. apríl síðastliðinn barst undirrituðum tölvupóstur frá nefndarsvið Alþingis þar sem fram kom að utanríkismálanefnd Alþingis sendi undirrituðum til umsagnar frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið (bókun 35), 890. mál.

Undirritaður mælir með samþykkt frumvarpsins og vill taka undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn dr. Margrétar Einarsdóttur prófessors við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá 27. apríl síðastliðinn sem birt er á vefsvæði utanríkismálanefndar. Þar að auki vill undirritaður benda á tvö atriði til viðbótar.

Ein af grundvallarreglum þjóðaréttar felur í sér að ríki geta ekki borið fyrir sig innlenda réttarreglu sem afsökun fyrir því að fylgja ekki eftir þjóðréttarlegri samningsskuldbindingu. Birtist reglan í 1. másl. 27. gr. Vínarsamningsins um milliríkjasamninga frá 1969 sem Ísland er bundið af sem þjóðréttarvenju.¹ EES-samningurinn telst milliríkjasamningur í skilningi a) liðar 1. mgr. 1. gr. Vínarsamningsins. Eins og rakið er í greinargerð með frumvarpinu þá teljast bókanir við EES-samninginn óaðskiljanlegur hluti hans og hafa sömu stöðu og meginmál hans að þjóðarétti. Því tekur umrædd grundvallarregla um milliríkjasamninga til bókunar 35 og ber íslenska ríkinu, samkvæmt þjóðarétti, að sjá til þess að innlendur réttar sé í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar ríkisins.

¹ *Vienna Convention on the Law of Treaties* (23. maí 1969; öðlaðist gildi 27. janúar 1980; Ísland er ekki aðili að samningnum) 1155 UNTS 331. Á ensku hljómar ákvæðið svo: „A party may not invoke the provisions of its internal law as justification for its failure to perform a treaty.“

Bókun 35 tekur mið af því að Ísland og Noregur búa við svokallaða tvíeðlisskipan þar sem þjóðréttarlegar skuldbindingar öðlast ekki bein réttaráhrif að landsrétti nema þær séu innleiddar í landslög með stjórnskipulega réttum hætti. Hvorki íslenska stjórnarskráin né almenn löggjöf inniheldur almennar reglur um hvernig tengslum landsréttar skuli vera háttað við alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins.² Einhverjir hafa haldið því fram að tvíeðlisfyrirkomulagið leiði af 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrígreiningu ríkisvaldsins – þar sem segir að Alþingi og forseti Íslands fari með löggjafarvaldið – en virðast yfirsjáast að mörg þeirra ríkja sem fylgja öðru fyrirkomlagi um tengsl lands- og þjóðaréttar byggja einnig á þrígreiningu ríkisvaldsins. Alþingi Íslendinga hefur gengið út frá því að tiltekin sjónarmið ríki hérlendis, þ.e. tvíeðliskenningin, í samræmi við fræðiviðhorf sem dómstólar hafa tekið upp og komist að séu viðtekin sannindi og meginregla að íslenskum rétti. Alþingi hefur aldrei tekið það almennt til skoðunar hvort æskilegt sé að líta svo á að landsréttur og alþjóðlegur skuldbindingar séu sitt hvor hluturinn eða hvort líti eigi á landsrétt og alþjóðlegar skuldbindingar sem eina heild líkt og gert er í Lichtenstein. Að líta á landsrétt og alþjóðlegar skuldbindingar sem eina heild getur einfaldað innleiðingarferli alþjóðlegra skuldbindinga. Undirritaður vill hvetja utanríkismálanefnd til að íhuga hvort að þingheimur ætti ekki að hafa eithvað um slíkt grundvallarmál að segja. Skoða mætti þetta betur þegar hugsanlegar breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins, að því varðar framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana, kemst aftur á dagskrá.

Virðingarfyllst,



Dr. Bjarni Már Magnússon prófessor við lagadeild Bifrastar

² Sjá nánar Bryndís Torfadóttir og Bjarni Már Magnússon, „Eiðli lands- og þjóðaréttar í dómum Hæstaréttar til 1975“ (2022) 72:2 Tímarit lögfræðinga, bls. 179-180.

Umsögn um frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið (bókun 35), 890. mál.

Í skýrslu starfshóps sem út kom í september 2019 um EES-samstarfið segjum við sem sátum í hópnum að markmið samstarfsins um einsleitni við framkvæmd fjórfrelsisins náist ekki nema túlkun og beiting reglnanna um frelsið þjóni sama markmiði. Tveggja stoða kerfið eigi að tryggja EES/EFTA-ríkjunum aðild að eftirlitskerfi til að framfylgja þessu. Þá sé almennt talið að íslenskir dómara skuli hafa þetta meginsjónarmið í heiðri.

Frumvarpið sem hér er til umsagnar má rekja til misbrests á þessu hér á landi. Íslenskir dómara telja 3. gr. laga um EES-samninginn setja sér skorður við að framfylgja bókun 35 við samninginn sem mælir fyrir um einsleitni við framkvæmd fjórfrelsisins.

Þegar EES-lögin voru sett fyrir 30 árum sáum við sem þá fjölluðum um málið í utanríkismálanefnd alþingis ekki fyrir að dómara mundu túlka 3. gr. EES-laganna á þennan veg. Afstaða okkar birtist í greinargerð með frumvarpinu en í áranna rás hafa dómara talið texta lagagreinarinnar stangast á við orðalagið í greinargerðinni. Hafa þeir eðlilega sett lagatextann skör ofar en það sem í greinargerðinni segir. Frumvarpinu sem hér er til umsagnar er ætlað að leiðrétta þetta.

Mér sýnist frumvarpstextinn ná þessu markmiði. Er það þó sagt með fyrirvara um að dómara eigi síðasta orðið um túlkunina.

Það er mikilvægt að leiðrétta þessa skerðingu á rétti þeirra sem leita til íslenskra dómstóla í fullvissu þess að þeir eigi að standa jafnfætis öðrum við framkvæmd EES-samningsins.

Með aðild að evrópska efnahagssvæðinu urðu til ný réttindi sem hafa gjörbreytt samfélaginu til hins betra fyrir íslenska ríkisborgara. Það er skylda löggjafarvaldsins að sjá til þess að unnt sé að njóta þessara réttinda til fulls hér á landi. Með samþykkt þessa frumvarps er stuðlað að því og er hvatt til þess að það verði afgreitt áður en þingstörfum lýkur á þessu vori.

Virðingarfyllt
Björn Bjarnason

5. maí 2023.

Til utanríkismálanefndar
alþingis.

Skrifstofa Alþingis

berist til utanríkismálanefndar

Austurstræti 8-10, Reykjavík

Ég hef reynt að gera mér grein fyrir málinu, síðan það kom fram. Lára Magnúsdóttir skýrir það öðrum betur í Morgunblaðinu sunnudaginn 7. maí.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið (bókun 35), 890. mál.

Reykjavík, 9. maí 2023.

--
Björn S. Stefánsson

Skrifstofa Alþingis - nefndarsvið

Utanríkismálanefnd

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, lagt fram á 153. löggjafarþingi, þingskjal 1392, 890. mál

1. Inngangur

Utanríkismálanefnd hefur óskað eftir umsögn undirritaðrar um framangreint frumvarp sem ætlað er að tryggja fullnægjandi innleiðingu bókuar 35 við Samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES Samninginn) í íslenskan rétt, svo sem segir í greinargerð með frumvarpinu. Er undirritaðri bæði ljúft og skylt að verða við þeirri beiðni. Í umsögn þessari verður fjallað stuttlega um aðdraganda þess að samningsaðilar EES samningsins töldu nauðsynlegt að mæla fyrir um þá skýringareglu sem staðfest var í bókun 35 við samninginn og þær samningsskuldbindingar sem af því leiða. Þá verða reifuð sérstaklega sjónarmið um réttindi einstaklinga og lögaðila sem EES samningnum er ætlað að tryggja.

2. Samningsskuldbindingar samkvæmt Samningnum um Evrópska efnahagssvæðið

Eins og þekkt er má rekja upphaf samningsviðræðna um EES samninginn til yfirlýsingar Jacques Delors þáverandi forseta framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins í janúar 1989 þar sem hann bauð EFTA ríkjunum til viðræðna um viðtækt samstarf og þátttöku í innri markaði Evrópubandalagsins (nú Evrópusambandið). Eiginlegar samningsviðræður hófust á árinu 1990 og lauk þeim með undirritun EES Samningsins þann 2. maí 1992.¹

Þegar samningaviðræðurnar hófust voru því grunnreglur bandalagsréttar (nú ESB réttar) um bein réttaráhrif (e. *direct effect*) og forgangsáhrif (e. *supremacy*) fastmótaðar í framkvæmd bæði dómstóla Evrópubandalagsins og innlendra dómstóla aðildarríkjanna. Þegar árið 1963 komst dómstóll Evrópubandalagsins að þeirri niðurstöðu að bandalagsrétturinn fæli ekki eingöngu í sér skyldur einstaklinga heldur honum einnig ætlað að veita þeim réttindi. Yrði því að túlka sáttmála bandalagsins á þá lund að hann fæli í sér bein réttaráhrif sem sköpuðu einstaklingsbundin

¹ Sjá greinargerð með frumvarpi til laga um Evrópska efnahagssvæðið, lagt fram á 116. löggjafarþingi, 1. mál.

réttindi sem dómstólum bæri að tryggja.² Að sama skapi staðfesti dómstóllinn um að það leiddi af skyldum aðildarríkjanna samkvæmt sáttmálanum að bandalagsréttur skyldi njóta forgangs ef lagareglur stönguðust á og að dómstólum bæri skylda til að tryggja þau réttindi sem bandalagsrétturinn kvæði á um.³

Í ljósi þess að markmið EES samningsins voru að koma á fót einsleitu Evrópsku efnahagssvæði þar sem tryggð væru sömu samkeppnisskilyrði og sömu reglur, sbr. 1. gr. EES samningsins, var því eitt af meginverkefnum samningsaðila að leysa úr hvernig samningurinn myndi tryggja réttindi einstaklinga og lögaðila með sama hætti og reglur bandalagsréttarins um bein réttaráhrif og forgangsáhrif.

Þau EFTA ríki sem aðhylltust tvíeðliskenningu þjóðaréttar lögðu áherslu á að samningurinn gæti ekki falið í sér framsal á löggjafarvaldi. Varð því að tryggja yrði aðkomu löggjafans til þess að veita EES samningnum réttaráhrif.⁴

7. gr. EES samningsins mælir þannig fyrir um skyldu samningsaðila til að taka upp í landsrétt þær gerðir sem vísað er til í viðaukum við samninginn eða í ákvörðunum sameiginlegu EES nefndarinnar. Þessi pósitíva skylda samningsaðila til að innleiða gerðir sem teknar hafa verið upp í EES samninginn hefur þannig verið talin ígildi beinna réttaráhrifa, stundum nefnt *ersatz direct effect* af fræðimönnum.

Að sama skapi skuldbundu samningsaðilar sig til að veita innleiddum EES reglum forgang ef kæmi til árekstra milli þeirra og annara laga í bókun 35 við EES samninginn¹ enda segir í bókuninni:

„Vegna tilvika þar sem getur komið til árekstra á milli EES-reglna sem komnar eru til framkvæmdar og annarra settra laga, skuldbinda EFTA-ríkin sig til að setja, ef þörf krefur, lagaákvæði þess efnis að EES-reglur gildi í þeim tilvikum“.

Af þessu leiðir að verði forgangur innleiddra EES reglna ekki tryggður með öðrum hætti skulu samningsaðilar tryggja hann með lögum.

Rétt er að hafa í huga í þessu sambandi að það felst í grunnákvæðum EES samningsins að honum var frá upphafi ætlað að vera framsækinn eða dýnamískur. Þannig gerir samningurinn ráð fyrir að taka beri upp í samninginn viðeigandi löggjöf ESB til að tryggja réttaröryggi og einsleitni, sbr. 102. gr. EES samningsins. Ákvarðanir sameiginlegu EES nefndarinnar um upptöku ESB gera í samninginn skulu teknar samkvæmt samkomulagi á milli ESB og EFTA-ríkjanna, sbr. 93. gr. samningsins.

Til þess að forgangsregla bókunar 35 komi til skoðunar þar því að vera um að ræða EES-reglu sem Ísland hefur staðfest að taka beri upp í EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES

² Mál 26/62 Van Gend en Loos v Nederlandse Administratie der Belastingen [1963] ECR 1.

³ Mál 6/64 Costa v ENEL [1964] ECR 585 og mál 106/77 Amministrazione delle Finanze dello Stato v Simmenthal [1978] ECR 629.

⁴ Hér ber að hafa í huga að hugtakið „samningur“ merkir meginmál samningsins, bókanir við hann og viðauka við hann auk þeirra gerða sem þar er vísað til, sbr. 2. gr. EES samningsins.

nefndarinnar, að undangengnu því samráðsferli sem mælt er fyrir um í reglum um þinglega meðferð EES-mála, og sem hefur verið innleidd í landsrétt í samræmi við fyrirmæli stjórnarskrár og þingskaparalaga.

Loks er rétt að minna á að 3. gr. EES samningsins mælir fyrir um sérstaka trúnaðarskyldu samningsaðila en þar segir að þeir skuli gera allar viðeigandi almennar eða sérstakar ráðstafanir til að tryggja að staðið verði við þær skuldbindingar sem af samninginum þessum leiðir og jafnframt varast ráðstafanir sem teflt geta því í tvísýnu að markmiðum hans verði náð. Þessi trúnaðarskylda kemur til fyllingar hinni almennu reglu þjóðaréttar um að samninga skuli halda (*pacta sunt servanda*).

3. Réttindi einstaklinga og lögaðila samkvæmt EES samningnum

EES samningurinn er ekki hefðbundinn þjóðréttarsamningur í þeim skilningi að það felst í grunnreglum samningsins að honum er ætlað að skapa skyldur og réttindi einstaklinga og lögaðila.

Þannig segir í aðfararorðum samningsins að markmið samningsaðila sé að mynda öflugt og einsleitt Evrópskt efnahagssvæði er grundvallist á sameiginlegum reglum og sömu samkeppnisskilyrðum, tryggri framkvæmd, meðal annars fyrir dómstólum, og jafnrétti, gagnkvæmni og heildarjafnvægi hagsbóta, réttinda og skyldna samningsaðila og samningsaðilar séu sannfærðir um að einstaklingar muni gegna mikilvægu hlutverki á Evrópska efnahagssvæðinu vegna beitingar þeirra réttinda sem þeir öðlast með samningnum og þeirrar verndar dómstóla sem þessi réttindi njóta.

Það liggur í hlutarins eðli að markmiðinu um einsleitt Evrópsk efnahagssvæði þar sem gilda sömu reglur og sömu samkeppnisskilyrði verður ekki náð ef einstaklingar og lögaðilar í einstaka samningsríkjum njóta ekki réttinda til jafns við aðra þá er búa og starfa innan svæðisins. Dómstóll ESB hefur kveðið á um að EES samningurinn feli í sér að innri markaðurinn nái einnig til EFTA ríkjanna sem í því skyni standi jafnfætis aðildarríkjum ESB.⁵ Þá njóta ákvæði EES samningsins beinna réttaráhrifa að ESB rétti og dómstóllinn hefur kveðið á um að beita beri samræmdri túlkun til þess að ekki verði misræmi í réttarstöðu einstaklinga og lögaðila innan aðildarríkja.

Á hinn bóginn hafa EFTA ríkin skuldbundið sig til að veita EES reglum réttaráhrif með upptöku þeirra í landsrétt og tryggja að innleiddar EES reglur njóti forgangs gagnvart öðrum settum lögum ef áreksstrar verða, svo sem rakið er hér að framan, til að ná fram sömu markmiðum, þ.e. að tryggja sömu réttindi og skyldur einstaklinga og lögaðila.

Eins og ágætlega er rakið í greinargerð með frumvarpinu hefur hins vegar ekki tekist að tryggja þessi réttindi í framkvæmd. Þannig hafa íslenskir dómstólar ekki talið að unnt sé að beita

⁵ Sjá mál C-452/01 *Margarethe Ospelt og Schlössle Weissenberg Familienstiftung* [2003] ECR I-09743.

skýringarreglu 3. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993 þannig að forgangur innleiddra EES reglna sé tryggður.

Dómstólar hafa almennt talið að orðalag ákvæðisins, um að skýra beri lög og reglur til samræmis við EES samninginn eftir því sem við á, veiti þeim ekki svigrúm til þess að veita innleiddum EES-reglum forgang ef annað leiðir af orðanna hljóðan. Skiptir þá ekki máli hvort ósamræmi laga skýrist af vangá eða óskýru orðalagi. Dómstólar hafa þannig ekki farið þá leið að reyna að staðreyna með því að rýna lögskýringargögn hvort vilji þingsins hafi í reynd staðið til þess að brjóta gegn samningsskuldbindingum Íslands skv. EES samningnum heldur talið nægjanlegt að orðalag ákvæða sé ósamrýmanlegt.

Hefur þetta leitt til réttindamissis aðila t.d. að því er varðar rétt til greiðslna úr ábyrgðarsjóði launa, rétt til fullra fæðingarorlofsgreiðslna eða rétt neytenda til tiltekinna verndar í samningum við fjármálastofnanir.

Af dómaframkvæmd er ljóst að forgangsregla bókunar 35 hefur ekki verið tryggð í íslenskum rétti til þessa. Af því leiðir að samningsskuldbindingar Íslands skv. EES samningnum verða ekki uppfylltar nema með lögfestingu slíkrar reglu líkt og lagt er til í frumvarpi því sem hér er til umsagnar.

Rétt er að vekja athygli utanríkismálanefndar á því að EFTA dómstóllinn hefur kveðið á um að það felist í séreðli EES samningsins að samningsaðilar beri skaðabótaskyldu gagnvart einstaklingi eða lögaðila sem borið hefur tjón af því að réttindi hans samkvæmt EES samningnum hafi ekki verið tryggð, sbr. dóm í máli Erlu Maríu Sveinbjörnsdóttur gegn Íslandi.⁶ Skortur á skýrri forgangsreglu innleiddra EES reglna kann því að leiða til bótaábyrgðar íslenska ríkisins geti viðkomandi sýnt fram á að hún hafi borið tjón af því að njóta ekki þeirra réttinda sem viðkomandi reglur fela í sér. Skaðabótaábyrgð hins opinbera er þó því marki brennd að viðkomandi einstaklingur eða lögaðili þarf að hafa til þess afl og burði til að geta rekið slíkt mál fyrir dómstólum og fært sönnur á fjárhagslegu tjóni. Verður því að telja að hér sé um nokkuð íþyngjandi úrræði fyrir borgara þessa lands sem vilja njóta þeirra réttinda sem EES samningurinn færir þeim.


4. Lokaorð

Líkt og rekið er hér að framan felur EES samningurinn í sér reglur sem tryggja eiga réttindi og skyldur einstaklinga og lögaðila, bæði með fortaklausri skyldu til þess að innleiða í íslenskan rétt þær gerðir sem teknar hafa verið upp í samninginn og með skuldbindingu þess efnis að tryggja skuli innleiddum EES reglum forgang ef árekstur verður við önnur sett lög. Dómaframkvæmd hér á landi staðfestir að ekki hefur verið unnt að tryggja forgang innleiddra EES reglna með þeirri skýringarreglu sem lögfest var í lögum nr. 2/1993. Til þess að uppfylla umrædda

⁶ Mál E-9/97 Erla María Sveinbjörnsdóttir gegn Íslandi [1998] EFTA Ct. Rep. 95.

samningsskuldbindingu Íslands er því nauðsynlegt að lögfesta þá forgangsreglu sem frumvarpið mælir fyrir um. Undirrituð mælir því eindregið með því að frumvarpið verði samþykkt.

Reykjavík, 10. maí 2023

A handwritten signature in blue ink, reading "Dóra Sif Tynes". The signature is written in a cursive style with a large initial 'D'.

Dóra Sif Tynes, lögmaður

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
b.t. utanríkismálanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. apríl 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993 (bókun 35), 890. mál

Félag atvinnurekenda og Íslensk-evrópska verslunarráðið (hér eftir samtökin) vísa til ofangreinds þingmáls á þingskjali 1392. FA hýsir og rekur ÍEV og er hlutverk ráðsins að efla verslunar- og viðskiptasambönd milli Íslands og Evrópusambandsins. Sérstakt viðfangsefni ráðsins er að beita sér fyrir því að rekstur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið gangi sem bezt og að allir aðilar samningsins standi við skuldbindingar sínar samkvæmt honum.

Samtökin lýsa yfir eindregnum stuðningi við frumvarpið. Í breytingunni felst að ef skýrt og óskilyrt lagaákvæði, sem réttilega innleiðir skuldbindingu samkvæmt EES-samningnum, sé ósamrýmanlegt öðru almennu lagaákvæði skuli það fyrirnefnda ganga fram.

Í þessu felst að bætt er úr galla á innleiðingu EES-samningsins í íslensk lög, þjóðréttarskuldbindingar Íslands eru uppfylltar og réttaröryggi bæði einstaklinga og fyrirtækja er betur tryggt.

Samtökin telja EES-samninginn mikilvægasta milliríkjasamning sem gerður hefur verið í þágu íslensks atvinnulífs og samfélags. Hann hefur falið í sér gífurlegar framfarir og íslensk fyrirtæki reiða sig í sífellt ríkari mæli á þau réttindi sem þau njóta á stærsta innri markaði heims í krafti ákvæða samningsins um einsleitt efnahagssvæði. Sú staða er komin upp í íslenzku réttarkerfi, eins og lýst er í greinargerð frumvarpsins, að vegna ófullnægjandi innleiðingar EES-samningsins er einsleitni reglna á Evrópska efnahagssvæðinu ekki tryggð.

Íslensk fyrirtæki hafa jafnvel mátt una því að ákvæði meginmáls EES-samningsins, sem enginn vafi leikur á að var innleitt í íslensk lög, hafa ekki komið til skoðunar í dómsmálum þar sem önnur lagaákvæði hafa stangast á við þau. Það er því mikilvægt hagsmunamál atvinnulífsins að frumvarpið nái fram að ganga.

Að mati samtakanna er algjörlega fráleitt að halda því fram að með því sé vegið að stjórnarskránni eða gengizt undir erlent vald, eins og haldið hefur verið fram í umræðunni undanfarið. Í fullveldi ríkja felst samningsfrelsi þeirra. Ísland hefur samið um að vera hluti af einsleitu efnahagssvæði og stjórnvöldum ber þá skylda til að standa við þær skuldbindingar sínar. Ísland getur sömuleiðis ef það svo kýs sagt upp EES-samningnum og losnað þá undan regluverki EES.

Það sem verður skýrt ef frumvarpið nær fram að ganga er að ef íslensk lög byggð á EES-samningnum og önnur íslensk lög stangast á, hafa EES-ákvæðin forgang. Það tryggir einsleitt efnahagsvæði, sem er brýnt hagsmunamál íslenskra fyrirtækja.

FA og ÍEV mæla því eindregið með samþykkt frumvarpsins.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum. Þá eru þau reiðubúin að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA og ÍEV

Reykjavík, 11. maí 2023

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993 (bókun 35), 153. löggjafarþing 2022-2023, 890. mál

Vísað er til umsagnarbeiðni frá 26. apríl sl. vegna framangreinds máls. Með frumvarpinu er lagt til að lögfesta nýja EES-forgangsreglu í lög nr. 2/1993, sem ætlað er að uppfylla þá skuldbindingu sem talin er felast í bókun 35 við EES-samninginn. Ekki þarf að rekja forsögu og meginefni málsins hér, heldur vísast þar um til ítarlegrar greinargerðar með frumvarpinu.

Undirritaður telur fljótt á litið ekki ástæðu til að ætla annað en að forgangsreglan sem lögð er til í frumvarpinu samræmist ákvæðum stjórnarskrárinnar, án þess að hér sé tekin rökstudd afstaða til þess. Reglan lýtur að samspili laga og reglna sem handhafar íslensks ríkisvalds hafa sett. Hún felur sem slík ekki í sér að ríkisvald sé framselt erlendum stofnunum. Ganga má út frá því að þessi álitæfni fái ítarlega skoðun við þinglega meðferð málsins.

Fyrirhuguð forgangsregla er til þess fallin að koma í veg fyrir að einstaklingar og lögaðilar verði fyrir tjóni sökum þess að þeir geta ekki beitt réttindum sem þeir njóta samkvæmt innleiddum EES-reglum, ef þær rekast á önnur lög. Að sama skapi ætti forgangsreglan að fækka tilvikum þar sem ríkið verður bótaskyldt vegna slíks tjóns einstaklinga og lögaðila á grundvelli skaðabótareglu EES-réttar.

Forgangsreglan getur þó, eðli máls samkvæmt, skapað lagalega óvissu, í þeim skilningi að hún opnar á það að íslenskar lagareglur séu óvænt látnar víkja fyrir innleiddum EES-reglum, sem e.t.v. hafa ekki verið taldar ósamrýmanlegar. Á hinn bóginn má segja að forgangsreglan auki á fyrirsjáanleika að því leyti að hún tekur af tvímæli um að innleidd EES-regla skuli njóti forgangs ef hún rekst á önnur lög eða stjórnvaldsfyrirmæli. Samkvæmt gildandi lögum ræðst niðurstaða um það alfarið af beitingu lögskýringarreglu 3. gr. EES-laganna og eftir atvikum *lex specialis* reglunnar, en ekki er alltaf ljóst fyrirfram hvernig þeim verður beitt.¹

Þótt fyrirbyggjandi frumvarp sé ítarlegt og vandað, og greinargerðin taki á flestu því sem máli skiptir, vill undirritaður koma með eftirfarandi ábendingar um atriði sem gæti verið ástæða til að gefa frekari gaum við þinglega meðferð málsins, sjá einnig til hliðsjónar umsögn Hafsteins Dan Kristjánssonar, o.fl.:

1. Í 1. máls. ákvæðisins er notað hugtakið „almennt lagaákvæði“ (... lagaákvæði sem réttilega innleiðir skuldbindingu samkvæmt EES-samningnum er ósamrýmanlegt öðru almennu lagaákvæði...). Þarna virðist vera átt við ákvæði í almennum lögum sem Alþingi setur að undangengnum þremur umræðum, sbr. 44. gr. stjkskr., og staðfest eru af forseta Íslands eða handhöfum forsetavalds, sbr. 16. gr. stjkskr. Skýringar í greinargerð benda líka til þess að 1. másl. miðist við ákvæði í almennum lögum í fyrrgreindum

¹ Má hér til hliðsjónar benda á dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-582/2021, þar sem reyndi á lögskýringu samkvæmt 3. gr. EES-laganna. Hæstiréttur hefur samþykkt að dóminum verði áfrýjað þangað beint, fram hjá Landsrétti, sbr. ákvörðun HR nr. 2023-52, sbr. mál nr. 24/2023. Það kann að benda til þess að fordæmisgefandi hæstaréttardómur sé í vændum um beitingu 3. gr. EES-laganna.

skilningi. Það mætti engu að síður hnykkja á því hvort forgangsreglunni (1. másl.) sé ætlað takmarkast við almenn lög Alþingis, í merkingu 44. gr. stjkskr., eða hvort hún geti jafnframt náð til annarra flokka settra laga í þrengri merkingu, t.d. bráðabirgðalaga (þó nær hún ekki til ákvæða stjórnarskrárinnar, það er ljóst).

2. Í 2. málslið ákvæðisins er ráðgert að forgangsreglan í 1. másl. eigi líka við um almenn stjórnvaldsfyrirmæli (reglugerðir ráðherra o.s.frv.). Það mætti að ósekju vera skýrara í 2. másl. að sá hluti ákvæðisins eigi einungis við um árekstur milli reglna sem eiga báðar eða allar stoð í stjórnvaldsfyrirmælum. Með öðrum orðum felist það ekki í 2. másl. að stjórnvaldsfyrirmæli, sem innleiða EES-reglu, geti gengið frammar settum lögum, sem eru rétt hærrí stjórnvaldsfyrirmælum. Sá skilningur fær að vísu nokkuð örugga stoð í umfjöllun í greinargerð með frumvarpinu. Hvorki greinargerðin né texti ákvæðisins er þó alveg afdráttarlaus um þetta. Til samanburðar hefur 2. gr. norsku EES-laganna að geyma dæmi um forgangsreglu þess efnis að reglugerð (n. forskrift), sem innleiðir EES-reglur, njóti forgangs bæði fram yfir ósamrýmanlegar reglugerðir sem og yngri lög Stórþingsins. Æskilegt er að forgangsreglan, sem lögð er til með frumvarpinu, sé skýr um stöðu reglna í stjórnvaldsfyrirmælum að þessu leyti, m.a. að ekki sé um að ræða frávik frá reglunni um *lex superior*, sbr. og lögmatísregluna.
3. „Fyrirvarinn“ í lok 1. másl. ákvæðisins er strangt til tekið óþarfur (... nema Alþingi hafi mælt fyrir um annað). Þótt þetta orðalag væri ekki í ákvæðinu myndi það í engu haggva valdi Alþingis samkvæmt 2. gr. stjkskr. til að setja lög sem víkja til hliðar öðrum lögum sem innleiða EES-reglur, með þeim afleiðingum sem það getur haft í för með sér fyrir íslenska ríkið (samningsbrotamál, bótaskylda o.s.frv.). Umrætt orðalag má þó að meinalausu halda sér sem áminning um valdheimildir Alþingis í þessu tilliti.

Það kann að mega skilja fyrrgreint orðalag 1. másl., í samhengi við 2. másl., svo að stjórnvaldsfyrirmæli verði ekki sett sem víki til hliðar öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem innleiða EES-reglur, nema beinlínis sé gert ráð fyrir þeim möguleika í viðkomandi heimildarlögum. Þetta mætti e.t.v. skoða við þinglega meðferð málsins.

4. Fyrirhuguð forgangsregla miðar, sem fyrir segir, að því að uppfylla skuldbindinguna sem talin er felast í bókun 35. Framsetning forgangsreglunnar tekur jafnframt mið af efni og skilyrðum bókunar 35 eins og hún hefur verið skýrð í dómaframkvæmd EFTA-dómstólsins, eftir því sem undirritaður kemst næst. Það má þó velta fyrir sér hvort hægt sé að laga frumvarpsákvæðið enn betur að inntaki bókunar 35, svo að það gangi hvorki of langt né of skammt í ljósi hennar.

Í ákvæðinu er rætt um „skýrt og óskilyrt lagaákvæði“ sem réttilega innleiðir EES-reglu. Ef talin er þörf á að tilgreina tilvitnað skilyrði í ákvæðinu virðist eðlilegra að tengja það við þá EES-reglu/skuldbindingu sem á í hlut, þ.e. að EES-reglan þurfi að vera nægilega skýr og óskilyrt sem slík, frekar en að skilyrðið lúti að því lagaákvæði sem innleiðir regluna í landsrétt. Sjá m.a. 2. gr. finnsku EES-laganna sem sett voru á sínum tíma.

Þá kemur til álita að hnykkja á því við þinglega meðferð málsins að forgangur laga og reglna, sem tengjast EES-skuldbindingum, skuli ekki vera víðtækari en þörf krefur til að uppfylla viðkomandi skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum. Þessa hugsun má skýra með svofelldu dæmi: Ef EES-skuldbinding áskilur A, en íslenskt lagaákvæði, sem innleiðir hana, gengur lengra og felur hvort tveggja í sér A og B (og EES-reglan heimilar að gengið sé lengra en A), þá ætti lagaákvæðið aðeins að njóta forgangsáhrifa

að því er varðar regluna A en ekki B. Með öðrum orðum gengur lagaákvæðið framur öðru ósamrýmanlegu lagaákvæði að svo miklu leyti sem þess er þörf til að uppfylla viðkomandi skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum. Líklega yrði forgangsreglan túlkuð með þessum hætti í framkvæmd, yrði hún að lögum, en það er þó ekki úr vegi að hnykkja á þessu atriði við þinglega meðferð málsins.

5. Þá er ástæða til að huga að því við þinglega meðferð málsins hvort og með hvaða hætti forgangsreglan muni gilda um óskráðar meginreglur EES-réttar, sem kunna að teljast vera undirliggjandi í meginmáli EES-samningsins („samtvinnuáttar“ því) og þar með innleiddar með lögum nr. 2/1993. Loks mætti velta upp því álitaefni hvort og þá með hvaða hætti fyrirhuguð forgangsregla geti mögulega verkað aftur fyrir gildistöku sína verði hún að lögum.²

Undirritaður vill að lokum þakka fyrir tækifærið til að veita umsögn um málið og getur mætt fyrir nefndina til að gera nánari grein fyrir einstökum atriðum ef þess er óskað.

Friðrik Árni Friðriksson Hirst

² Sjá einnig skrif okkar Hafsteins Dan Kristjánssonar um málið í vefriti Úlfjólts, sem er tímarit laganema við Háskóla Íslands, þar sem fjallað er um tiltekin lögfræðileg álitaefni varðandi fyrirhugaða forgangsreglu.

Nefndarsvið Alþingis
b/t utanríkismálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. maí 2023

I

Fyrir liggur vandað og ítarlegt frumvarp um breytingu á lögum nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið (bókun 35), 890. mál, en með frumvarpinu er lagt til að færð verði í lög forgangsregla ákveðins efnis.

Byggt verður á þeim forsendum hér að regla sem mælir fyrir um forgang almennra laga og almennra stjórnvaldsfyrirmæla, sem innleiða skuldbindingu samkvæmt EES-samningnum, gagnvart öðrum almennum lögum og almennum stjórnvaldsfyrirmælum:

- brjóti ekki í bága við stjórnarskrána; sem og
- feli í sér traustari innleiðingu á þeirri skuldbindingu sem felst í bókun 35 en sú leið sem er farin í núverandi lögum.
- Þá búi Ísland við svokallaða tvíeðliskipan.

Enn fremur verður byggt á þeirri forsendu að ekki standi vilji til að raska rétt hæð réttarheimildanna í íslenskum rétti.

Með hliðsjón af þessum forsendum er lögð til önnur framsetning á forgangsreglunni en sú sem er finna í frumvarpinu. Að hafa ólíka valkosti fyrir augum kann að vera ágætt þegar tekin er afstaða til þess hvaða leið skuli farin að settu marki. Fullur skilningur er á því að sitt sýnist hverjum um hvaða útfærsla sé haganlegust.

Tillagan byggir á eftirfarandi sjónarmiðum:

- að draga sem mest úr vafa sem kann að rísa um túlkun forgangsreglunnar;
- að framsetning reglunnar sé sem einföldust og beiting hennar í framkvæmd verði ekki flóknari en nauðsyn krefur;
- að ná markmiðinu um að uppfylla skuldbindingu bókunar 35.

Með vísan til þessara sjónarmiða er lagt til að ákvæðið verði orðað á eftirfarandi hátt með eða án innskots um fyrirvara (sem er afmarkaður með hornklofa hér):

„Sett lög sem uppfylla skuldbindingu samkvæmt EES-samningnum ganga framar öðrum ósamrýmanlegum settum lögum [að því marki sem nauðsynlegt er]. Sama gildir um almenn stjórnvaldsfyrirmæli gagnvart öðrum ósamrýmanlegum almennum stjórnvaldsfyrirmælum.“

Í því sem á eftir fer verða færð rök fyrir og veittar skýringar á tillögunni.

II

Hugtakið „sett lög“ í stað hugtakanna „lagaákvæði“ og „almenn lagaákvæði“

Í frumvarpsákvæðinu er stuðst við hugtökin „lagaákvæði“ og „almenn lagaákvæði“. Ljóst er að hugtakið nær til *almennra laga*, þ.e. laga sem Alþingi setur samkvæmt 44. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, og forseti Íslands staðfestir, sbr. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Verður þetta m.a. ráðið af athugasemdum við ákvæðið. Þá liggur fyrir að frumvarpsákvæðið nær ekki til árekstra milli almennra laga og stjórnarskrárinnar eða óskráðra stjórnskipulegra reglna en sú niðurstaða leiðir einnig af almennum reglum um réttshæð og samspil réttarheimildanna.

Aftur á móti kann að vera ákveðinn vafi fyrir hendi um hvort frumvarpsákvæðið nái til annarra tegunda setts réttar í þrengri merkingu en þær eru:

- bráðabirgðalög, sbr. 28. gr. stjórnarskrárinnar;
- fjárlög og fjárukalög;
- lög eldri en árið 1874.

Telja verður að raunhæf þýðing annarra tegunda setts réttar í þrengri merkingu sé takmörkuð en ekki er útilokað að það geti reynt á tilvik sem varða þau, einkum bráðabirgðalög. Af þeim sökum er æskilegt að forgangsreglan sé eins skýr og kostur er um hvort aðrar tegundir setts réttar í þrengri merkingu falli undir hana.

Við túlkun frumvarpsákvæðisins verður að gefa orðalagi þess gaum. Hugtökin „lagaákvæði“ og „almenn lagaákvæði“ benda til þess að átt sé við almenn lög en ákveðin líkindi eru með hugtökunum. Enn fremur vísar fyrirvari ákvæðisins til Alþingis. Engu að síður verður ekki litið framhjá því að hugtökin sem slík geta rúmað aðrar tegundir setts réttar í þrengri merkingu. Þannig útilokar orðalagið ekki þann skilning að ákvæði í bráðabirgðalögum teljist vera „lagaákvæði“ eða „almennt lagaákvæði“.

Athugasemdir við frumvarpsákvæðið benda eindregið til þess að með hugtökunum sé átt við almenn lög. Á hinn bóginn er í þeim ekki tekið af skarið um aðrar tegundir setts réttar í þrengri merkingu. Þannig verður ekki séð að tekin hafi verið afstaða til þess berum orðum að frumvarpsákvæðið nái ekki til þeirra. Þá vekur það óneitanlega athygli að stuðst er að vissu marki við ólíka hugtakanotkun í orðalagi frumvarpsákvæðisins („lagaákvæði“ og „almenn lagaákvæði“) og í athugasemdunum („almenn lög“). Þótt sú framsetning bendi til þess að leggja beri hugtökin að jöfnu getur ólík hugtakanotkun engu að síður stutt þann möguleika að fyrnefndu hugtökin *geti* verið rýmri en það síðarnefnda.

Markmið frumvarpsins er uppfylla skuldbindingu bókunar 35 en þar er stuðst við enska hugtakið „statutory provision“. Leggja má víðtækari eða þrengri skilning í það hugtak. Annars vegar getur það vísað aðeins til laga þjóðþinga (sem eru almenn lög hér á landi). Hins vegar getur það vísað til (annarra tegunda) setts réttar. Markmið bókunar 35, um einsleitt Evrópskt efnahagssvæði sem byggist á sameiginlegum reglum, bendir fremur til þess að túlka eigi hugtakið „statutory provision“ rýmkaði. Sé það réttur skilningur á bókun 35 þá bendir markmiðsskýring á frumvarpsákvæðinu til þess að leggja eigi víðtækan skilning í orðalagið „lagaákvæði“ og „almenn lagaákvæði“ enda er reglunni ætlað að uppfylla þá skuldbindingu. Er það markmið nokkuð afmarkað og skýrt.

Þar sem athugasemdir við ákvæðið, sem og að vissu marki orðalag þess, benda til þrengri skilnings en markmiðsskýring til rýmri skilnings (innan mögulegrar merkingar orðalagsins) verður ekki betur séð en að lögskýringarsjónarmið vísi í ólíkar áttir. Þegar svo háttar til verður

að leggja mat á heildarsambengi lagaákvæðis með vísan vægis lögskýringarsjónarmiðanna. Ef þær vísbendingar sem verða ráðnar af orðalaginu og athugasemdunum vega þyngra verður lagður þrengri skilningur til grundvöllur (hugtökin ná aðeins til almennra laga) en ef markmiðsskýring vegur þyngra að metum verður lagður rýmri skilningur til grundvallar (hugtökin geta náð til annarra tegunda setts réttar í þrengri merkingu, s.s. bráðabirgðalaga).

Ekki verður tekin afstaða til þess hér hvor lögskýringarsjónarmiðin hafi meira vægi í þessu tilviki. Látið verður við það sitja að benda á að orðalag frumvarpsákvæðisins býður upp á tvo túlkunarkosti og lögskýringarsjónarmiðin kunna að benda í ólíkar áttir. Vegna þess er ákveðinn vafi fyrir hendi um gildissvið frumvarpsákvæðisins að þessu leyti. Þótt unnt sé að leysa úr þeim vafa með túlkun er heppilegra að löggjafinn kveði skýrt á um hvernig beri að fara með þessi tilvik.

Til viðbótar má benda á tvö önnur álitæfni. Sú staða kann að koma upp að skuldbinding samkvæmt EES-samningnum verði uppfyllt með reglu sem byggir á lögjöfnun frá almennum lögum. Ekki er morgunljóst hvernig beri að fara með slík tilfelli.

Þá má færa rök fyrir því að frumvarpsákvæðið nái til óskráðra meginreglna EES-réttar sem eru samtvinnnaðar (e. inherent) meginmáli EES-samningsins og kunna þar með að teljast hafa verið innleiddar með lögum nr. 2/1993 en íslenskir dómstólar hafa þó lokaorðið um það. Aftur á móti nær ákvæðið ekki til annarra óskráðra meginreglna EES-réttar nema þær hafi verið innleiddar með almennum lögum eða almennum stjórnvaldsfyrirmælum.

Þegar framanrakið er haft í huga má færa rök fyrir því að heppilegt sé að styðjast við annað orðalag en hugtökin „lagaákvæði“ og „almenn lagaákvæði“. Í því sambandi er stungið upp á hugtakinu „sett lög“ og lagt til að það verði skilgreint í lögskýringargögnum á þann hátt að það nái til allra tegunda setts réttar í þrengri merkingu nema stjórnskipulegra reglna. Enn fremur nái það til þeirra reglna sem byggja á lögjöfnun frá settum rétti í þrengri merkingu og óskráðra meginreglna EES-réttar sem eru samtvinnnaðar meginmáli EES-samningsins.

Ef ætlunin er aftur á móti að takmarka forgangsregluna við almenn lög, eins og athugasemdirnar benda til, þá þykir heppilegra að styðjast við það hugtak í lagatextanum sjálfum en hugtakið hefur unnið sér ákveðinn sess í fræðiskrifum. Eins mætti taka af allan vafa í lögskýringargögnum. Þá yrði tillagan svohljóðandi:

„Almenn lög sem uppfylla skuldbindingu samkvæmt EES-samningnum ganga framár öðrum ósamrýmanlegum almennum lögum [að því marki sem nauðsynlegt er]. Sama gildir um almenn stjórnvaldsfyrirmæli gagnvart öðrum ósamrýmanlegum almennum stjórnvaldsfyrirmælum.“

Vakin er þó athygli á því að verði sú leið farin kann að reyna á hvort markmiðum með frumvarpinu er náð að öllu leyti, þ.e. að uppfylla skuldbindingu bókunar 35 sem kann að vera víðtækari en þessi framsetning á forgangsreglunni.

Áreksur milli almennra stjórnvaldsfyrirmæla

Í frumvarpsákvæðinu segir að „sama eigi við um“ stjórnvaldsfyrirmæli. Af m.a. lögskýringargögnum verður ráðið að átt sé við áreksur milli almennra stjórnvaldsfyrirmæla en með því er átt við réttarreglur sem eiga stoð í t.d. reglugerðum, reglum, gjaldskrá,

samþykktum sveitarfélaga og jafnvel forsetaúrskurðum. Er stundum vísað til setts réttar í rýmri merkingu í þessu sambandi.

Á hinn bóginn geta almenn stjórnvaldsfyrirmæli ekki vikið til hliðar almennum lögum á grundvelli forgangsreglunnar, eins og gert er ráð fyrir í 2. gr. norsku EES-laganna varðandi yngri lög. Engu að síður er að finna ummæli í lögskýringargögnum um að löggjafinn geti mælt fyrir um að reglugerð gangi framur almennum lögum. Æskilegt væri að taka af skarið um það í orðalagi ákvæðisins sjálfs að forgangsreglan gildi aðeins um árekstur milli almennra stjórnvaldsfyrirmæla. Þá gæti farið vel á því að styðjast við hugtakið „almenn stjórnvaldsfyrirmæli“ líkt og gert er í stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

Réttilega innleiðir skuldbindingu samkvæmt EES-samningnum

Samkvæmt frumvarpsákvæðinu á forgangsreglan aðeins við um lagaákvæði (og stjórnvaldsfyrirmæli) sem réttilega innleiða skuldbindingu samkvæmt EES-samningnum. Af því leiðir:

- að óinnleiddar EES-reglur njóta ekki forgangs; og
- að ranglega innleiddar EES-reglur njóta ekki forgangs.

Þá mun forgangsreglan eiga við um almenn lög sem *beinlínis* eru sett til að innleiða skuldbindingu samkvæmt EES-samningnum. Jafnframt verður að túlka hugtakið „innleiða“ á víðtækan hátt, þ.e. að það nái til allra réttarreglna sem *uppfylla skuldbindingu samkvæmt EES-samningnum*. Þannig mun forgangsreglan eiga við um lagaákvæði sem hafa ekki verið beinlínis sett til að uppfylla slíkar skuldbindingar. Til að mynda kann sú staða að hafa verið uppi að ekki var þörf á því að setja almenn lög til að uppfylla skuldbindingu vegna þess að sambærilegar reglur voru nú þegar fyrir hendi eða unnt er að túlka almenn lög, sem fyrir eru, til samræmis við EES-rétt á þann hátt að þau teljast þar með uppfylla slíka skuldbindingu. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að túlka ber lagaákvæði, þegar það á við, til samræmis við EES-rétt.

Aftur á móti er ekki skýrt hvernig beri að fara með tilvik þar sem regla hefur verið réttilega innleidd *ad hluta* eða þegar löggjafinn gengur lengra en nauðsyn krefur samkvæmt EES-rétti, s.s. þegar löggjafinn setur strangari reglu en gert er ráð fyrir samkvæmt tilskipun sem mælir fyrir um lágmarkssamræmingu. Enn fremur gæti sú staða komið upp að löggjafi Evrópusambandsins hafi sett afleidda gerð sem brýtur í bága við rétt hærrí réttarheimildir Evrópuréttar og sem telst vera ógild af þeim sökum. Unnt er að túlka orðalagið „skuldbinding samkvæmt EES-samningnum“ á þann hátt að forgangsreglan eigi aðeins við að því marki sem um *raunverulega* skuldbindingu er að ræða. Til öryggis er þó unnt að skjóta inn fyrirvara um að reglan eigi við „að því marki sem nauðsynlegt er“ og taka fram í lögskýringargögnum að fyrirvaranum er ætlað að takmarka áhrif forgangsreglunnar við skuldbindingu bókanar 35. Á þann hátt myndast bein tenging milli forgangsreglunnar og bókanar 35, eins og hún er og verður túlkuð í framkvæmd EFTA-dómstólsins.

Þar sem unnt er að túlka orðalagið „skuldbinding samkvæmt EES-samningnum“ á þann hátt að tryggt sé að forgangsreglan eigi aðeins við um raunverulegar skuldbindingar og þar sem hugtakið „innleiða“ verður túlkað á þann hátt að það nái til allra lagaákvæða sem uppfylla skuldbindingu samkvæmt EES-samningnum þá verður ekki séð að orðalagið „réttilega innleiddar“ bæti neinu við fyrstnefnda orðalagið sem máli skiptir. Getur það raunar skapað vafa um hvernig fari með skuldbindingar sem eru innleiddar réttilega að hluta. Vegna þess væri einfaldara að kveða aðeins á um sett lög „sem uppfylla skuldbindingu samkvæmt EES-

samningnum“. Ekki verður betur séð en að með því náist öll markmið skilyrðisins. Er það einnig nær orðalagi 2. gr. norsku EES-laganna.

Skýrt og óskilyrt lagaákvæði

Í frumvarpsákvæðinu er mælt fyrir um að forgangsreglan nái til lagaákvæðis sem er „skýrt og óskilyrt“ en skilyrðið byggir á dómaframkvæmd EFTA-dómstólsins um túlkun bókunar 35. Lagt er til að ekki verði kveðið á um skilyrðið berum orðum í ákvæðinu heldur verði farin sú leið að skjóta inn almennum fyrirvara um „að því marki sem nauðsynlegt er“. Fyrir því eru fimm ástæður:

1. Ákveðinn vafi er um það hvort skilyrði bókunar 35 eigi við um EES-regluna sem slíka eða þau landslög sem innleiða hana. Ákveðið orðalag í dómum EFTA-dómstólsins gefur til kynna hið síðarnefnda og byggir orðalag frumvarpsákvæðisins væntanlega á því. Aftur á móti á skilyrðið sér hliðstæðu í dómframkvæmd Evrópudómstólsins um bein réttaráhrif en þau eiga aðeins við um ESB-reglur en ekki landslög. Í því sambandi verður einnig að hafa í huga að ekki er sjálfgefið að EFTA-riki búi við tvíeðlisskipan. Þá eru réttilega innleidd landslög jafnan skýr og óskilyrt þótt sú EES-regla sem verið er að innleiða sé það ekki. Ef svo reynist vera að skilyrði bókunar 35 eigi við um EES-regluna skýtur skökku við að miða við að íslenskt lagaákvæði sé skýrt og óskilyrt. Í þessu sambandi má geta þess að norska forgangsreglan orðar ekki skilyrðið berum orðum en hún er þau túlkuð til samræmis við það.
2. Skilyrðið felur í sér óverulega takmörkun enda teljast mjög margar EES-reglur uppfylla það, þ.á m. matskenndar og dýnamískar reglur á borð við fjórfrelsisreglurnar. Yfirleitt teldist skilyrðið uppfyllt nema þegar um er að ræða stefnuyfirlýsingar eða EES-reglur sem krefjast þess að gripið sé til ákveðinna athafna til að virkja réttindi. Þá eru ákveðnar takmarkanir á beinum réttaráhrifum í ESB-rétti varðandi vissar tegundir réttarheimilda.
3. Telja verður ólíklegt að lagaregla sem telst ekki vera nægilega skýr og óskilyrt rekist á við aðra lagareglu enda er, sem fyrr greinir, þá yfirleitt um ófullkomna reglu eða stefnuyfirlýsingu að ræða. Vegna þess má færa rök fyrir því að sé skilyrðið á annað borð ekki uppfyllt verður (í flestum eða mörgum tilvikum) enginn árekstur milli lagaákvæða og því bæti skilyrðið litlu við.
4. Miðað við framsetningu frumvarpsákvæðisins ber að taka afstöðu til þess í hverju og einu tilviki hvort lagaregla sé skýr og óskilyrt enda er það frumskilyrði þess að forgangsreglan eigi við. Mun það krefjast mats á undirliggjandi EES-reglu en yfirleitt myndi það fela í sér að meta hvernig hliðstæð ESB-regla horfir við skilyrðum um bein réttaráhrif eins og þau hafa verið útfærð í dómaframkvæmd Evrópudómstólsins. Kann það að fela í sér ákveðið flækjustig við beitingu reglunnar, a.m.k. í vafatilfellum.
5. Ekki er fullvíst hvort dómaframkvæmd EFTA-dómstólsins muni þróast á þann veg að tekið verði enn frekara tillit til dómaframkvæmdar Evrópudómstólsins um bein réttaráhrif, t.d. um þann greinarmun sem er gerður á lóðréttum og láréttum beinum réttaráhrifum tilskipana. Á það einkum við ef skilyrði bókunar 35 á við um EES-reglurnar sem slíkar. Verði sú reyndin kann að vera flókið að beita skilyrðinu. Ekki verður betur séð en að ákveðin atriði eru á huldu um inntak skilyrðisins samkvæmt bókun 35 að þessu leyti enn sem komið er en undirritaður þyrfti að rannsaka það nánar.

Af framangreindu leiðir að skilyrðið felur í sér óverulega takmörkun en það gæti verið flókið að beita því í framkvæmd í ákveðnum tilfellum. Væri skilyrðið tekið út myndi það væntanlega breyta (mjög) fáum niðurstöðum, ekki síst ef miðað er við að íslensk lög séu skýr og óskilyrt.

Eins mætti skjóta inn, sem fyrr greinir, fyrirvara um „að því marki sem nauðsynlegt er“. Fyrirvarinn myndi þá vísa til þeirrar skuldbindingar sem felst í bókun 35, eins og hún er og verður túlkuð að þessu leyti. Jafnframt væri þá æskilegt að skýrt kæmi fram í lögskýringargögnum að fyrirvarinn væri settur til öryggis (l. ex tuto), þ.e. að ekki yrði gert ráð fyrir því að tekin yrði afstaða til þess hvernig skilyrðið um nægilega skýra og óskilyrta reglu horfir við í hverju og einu tilviki heldur verði að ganga út frá því að reglan eigi við. Aðeins bæri að beita fyrirvaranum í undantekningartilfellum þegar raunverulegur vafi er fyrir hendi um hvort bókun 35 krefjist þess að regla njóti forgangs. Gæti slík nálgun dregið úr flækjustiginu við beitingu reglunnar.

Verði ekki farin sú leið má í það minnsta bæta við orðinu „nægilega“ við skilyrðið í frumvarpsákvæðinu en bókun 35 hefur verið túlkuð á þann hátt í dómaframkvæmd EFTA-dómstólsins að regla þurfi að vera nægilega skýr og óskilyrt (e. *sufficiently clear and unconditional*).

Nema Alþingi hafi mælt fyrir um annað

Í frumvarpsákvæðinu er gerður sá fyrirvari að Alþingi hafi ekki mælt fyrir um annað. Í fyrirvaranum felst að löggjafinn, þ.e. Alþingi og forseti Íslands, geti með *lögum* mælt fyrir um að víkja frá forgangsreglunni en utan við fyrirvarann falla:

- þingsályktanir; og
- fjárlög og fjáráukalög.

Ekki er mælt fyrir um sambærilegan fyrirvara í tengslum við stjórnvaldsfyrirmæli en þó segir í frumvarpsákvæðinu að „sama eigi við um“ þau. Ekki liggur því ljóst fyrir hvort ráðherra og önnur stjórnvöld geti mælt fyrir um annað í almennum stjórnvaldsfyrirmælum, þegar EES-regla hefur verið innleidd með t.d. reglugerð, eða hvort sú heimild sé aðeins bundin við löggjafann. Heppilegra væri að taka af allan vafa um það verði haldið fast við fyrirvarann.

Enn fremur verður ekki séð að fyrirvarinn hafi lagalega þýðingu. Það myndi ekki breyta neinu varðandi réttarstöðuna þótt fyrirvaranum væri kippt út enda leiðir þessi niðurstaða af almennum reglum. Til að mynda er ekki mælt fyrir um sambærilegan fyrirvara í 2. gr. norsku EES-laganna. Einfaldara væri að sleppa fyrirvaranum og láta réttarstöðuna ráðast af almennum reglum.

Verði sú leið ekki farin mætti þó skerpa á því í lagatextanum sjálfum að fyrirvarinn gildi um löggjafann, þ.e. Alþingi og forseta Íslands, og/eða að um almenn lög sé að ræða.

III

Verði frumvarpsákvæðið að lögum má gera ráð fyrir því að eftirfarandi muni gilda um ýmsa árekstra milli réttarreglna:

- Almenn lög sem innleiða skuldbindingu samkvæmt EES-samningnum munu ganga framar öðrum almennum lögum sem gera það ekki. Þau munu þó ekki ganga framar stjórnskipulegum reglum.
- Almenn stjórnvaldsfyrirmæli sem innleiða skuldbindingu samkvæmt EES-samningnum munu ganga framar öðrum almennum stjórnvaldsfyrirmælum sem gera það ekki. Þau myndu almennt ekki ganga framar almennum lögum en í lögskýringargögnum er þó gert ráð fyrir því að löggjafinn geti mælt fyrir um það í einstökum tilfellum.
- Óskráðar meginreglur EES-réttar sem teljast hafa verið innleiddar með lögum nr. 2/1993 munu ganga framar ósamrýmanlegum almennum lögum sem innleiða ekki skuldbindingu samkvæmt EES-samningnum.
- Ákveðinn vafi kann að rísa um hvernig beri að fara með árekstra við bráðabirgðalög og aðrar tegundir setts réttar í þrengri merkingu sem og reglur sem byggja á lögjöfnun.
- Almenn lög og almenn stjórnvaldsfyrirmæli sem innleiða skuldbindingu samkvæmt EES-samningnum munu ganga framar réttarreglum sem byggja á réttlægri réttarheimildum, s.s. réttarvenju, fordæmum, meginreglum laga og eðli máls, sem gera það ekki. Sú niðurstaða mun ekki leiða af forgangsreglunni heldur af almennum reglum.
- Forgangsreglan mun ekki ná til réttarreglna sem byggja á réttlægri réttarheimildum (réttarvenju, fordæmum, meginreglum laga og eðli máls) sem fela í sér innleiðingu á skuldbindingu samkvæmt EES-samningnum og því mun fara um árekstur þeirra við almenn lög og almenn stjórnvaldsfyrirmæli eftir almennum reglum, þ.e. þau víkja almennt fyrir þeim.
- Forgangsreglan mun ekki gilda um innbyrðis árekstur almennra laga sem er báðum ætlað að innleiða skuldbindingu samkvæmt EES-samningnum. Sama á við um almenn stjórnvaldsfyrirmæli. Annað hvort verður leyst úr slíkum árekstrum eftir almennum forgangsreglum íslensks réttar eða á grundvelli sérsjónarmiða sem byggja á tengslum réttarheimildanna við EES-rétt.
- Almenn lög sem innleiða skuldbindingu samkvæmt EES-samningnum munu ganga framar öðrum almennum lögum sem innleiða aðrar þjóðréttarlegar skuldbindingar, s.s. Mannréttindasáttmála Evrópu og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Í tengslum við síðastnefnda tilvikið má geta þess að í norskum rétti er að finna forgangsreglu í norsku MSE-lögunum. Í þeim tilfellum reynir á árekstur tveggja forgangsreglna, þ.e. í norsku EES-lögunum og MSE-lögunum. Að því er varðar árekstrar við MSE sérstaklega þá skal því haldið til haga að margar af reglum sáttmálans eiga sér hliðstæðu í stjórnarskránni. Þá gilda ýmsar óskráðar mannréttindareglur í EES-rétti.

Af greiningunni á úrlausn ýmissa árekstra að ofan má ráða að sú staða getur eftir sem áður komið upp, þótt frumvarpið verði að lögum, að skuldbinding samkvæmt EES-samningnum hafi verið innleidd en sú réttarregla sem innleiðir hana víkur fyrir annarri réttarreglu. Á það einkum við um þegar réttarreglan:

- rekst á við stjórnskipulegar reglur; eða
- er að finna í réttlægri réttarheimild (réttarvenju, fordæmum, meginreglum laga eða eðli máls) og hún rekst á við almenn lög, almenn stjórnvaldsfyrirmæli eða rétthærri réttarheimildar að öðru leyti.

Í þeim tilvikum kann íslenska ríkið að vera skaðabótaskyldt séu uppfyllt viðeigandi skilyrði til þess.

IV

Að framan hefur verið rökstudd tillaga um aðra framsetningu á forgangsreglunni sem miðar að því að draga úr vafa um túlkun ákvæðisins og einfalda framsetningu og beitingu þess.

Undirritaður getur rökstutt nánar einstök atriði í þessari umsögn sé óskað eftir því.¹


Dr. Hafsteinn Dan Kristjánsson

¹ Finna má frekari umfjöllun um ýmis atriði í Friðrik Árni Friðriksson Hirst og Hafsteinn Dan Kristjánsson, „Inntak fyrirhugaðrar EES-forgangsreglu og áhrif hennar í íslenskum rétti“, sem er að finna hér: <https://ulfljoirur.com/2023/04/22/inntak-fyrirhugadrar-ees-forgangsreglu-og-ahrif-hennar-i-islenskum-retti/#ednref7>

Enn fremur hafa sömu höfundur ritað drög að umfjöllun um gildissvið forgangsreglunnar og er þar að finna nánari umfjöllun um ýmis atriði sem hér hafa verið gerð að umtalsefni.



3. apríl 2023

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 890. mál á 153. löggjafarþingi

Evrópska efnahagssvæðið (bókun 35)

Með ofangreindu frumvarpi er lagt til að bókun 35 við EES-samninginn verði innleidd að fullu í íslensk lög um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, þar sem upphafleg innleiðing hennar í 3. gr. laganna þykir ófullnægjandi. Lagt er til að nýtt ákvæði bætist við sem kveði skýrt á um forgang lagaákvæða sem réttilega innleiða EES-reglur gagnvart ósamrýmanlegum íslenskum lagareglum.

Það er dapurleg staðreynd að í tæpa þrjá áratugi hafi bókun 35 ekki verið réttilega innleidd í íslensk lög enda felur hún í sér eina af grundvallarreglum Evrópuréttar, svokallaða forgangsreglu, eins og hún var aðlöguð að EES-samstarfinu á sínum tíma. Þess vegna fagna Hagsmunasamtök heimilanna því mjög að loksins standi til að bæta úr því ástandi og uppfylla þannig þá þjóðréttarlega skuldbindingu Íslands sem felst í ákvæðum EES-samningsins og bókunum við hann.

Samtökin vilja hrósa höfundum frumvarpsins sérstaklega fyrir vandaða og fróðlega greinargerð sem er líklega ein sú ítarlegasta sem sést hefur miðað við að í frumvarpinu er aðeins eitt efnislegt ákvæði. Þar er m.a. vísað til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 243/2015 sem var höfðað af félagsmönnum samtakanna með stuðningi þeirra til að láta reyna á lögmæti verðtryggðra neytendalána. Niðurstaða málsins réðst af þeirri afstöðu dómara að lögskýring samkvæmt 3. gr. laga nr. 2/1993 geti ekki leitt til þess að orðum íslenskra laga verði gefin önnur merking en leidd verður af hljóðan þeirra, en um var að ræða ákvæði tilskipunar sem hafði ekki verið réttilega innleitt í íslensk lög um neytendalán. Aftur á móti var í sömu lögum annað réttilega innleitt ákvæði sem hefði getað leitt til betri niðurstöðu ef það hefði notið forgangs gagnvart hinu ranglega innleidda. Þess vegna telja samtökin að skýra þurfi nánar hvaða þýðingu lögfesting frumvarpsins myndi hafa fyrir mál sem þegar hafa verið dæmd á röngum grundvelli af slíkum ástæðum. Er því mælt til að við frumvarpið verði bætt ákvæði sem kveði skýrt á um að hægt verði að endurupptaka mál sem þannig hafa farið, líkt og nú tíðkast á grundvelli úrlausna Mannréttindadómstóls Evrópu eftir lagabreytingar vegna stofnunar Endurupptökudóms.

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is

14.05.2023

Til Alþingis

Umsögn um frumvarp til laga um EES, nr. 890 (bókun 35)

Heiðraða Alþingi

Löggjafarvald á Íslandi er samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins í höndum Alþingis og forseta sem eru kjörnir af fólkinu í landinu. Engu að síður hefur sá háttur verið á um nokkurt skeið að lög sem samin hafa verið af erlendu ríkjasambandi hafa verið gerð að lögum á Íslandi, að heita má umræðulaust. Er þá iðulega horft framhjá því hvort umrædd lög henti á Íslandi eða hvaða kostnað þau hafi í för með sér. Þrátt fyrir að íslenska ríkið hafi samkvæmt samningi fulla heimild til að hafna því að setja lög með þessum hætti virðist svo vera að aðilar innan stjórnkerfis landsins og sumir stjórnámálamenn telji að slík höfnun kalli á svo harðar aðgerðir af hálfu hins erlenda ríkjasambands að heimildin til að hafna löggjöf sé ekki til staðar í raun. Þetta er einkennileg staða og vandséð er að þetta fyrirkomulag standist stjórnarskrá. Vinnubrögðin sem hér er lýst eru hættuleg hagsmunum Íslendinga og ganga gegn hugmyndum þorra fólks um lýðræði.

Frá því fyrrgreint fyrirkomulag tók gildi hefur hið erlenda ríkjasamband teygt arma sína inn á sífellt fleiri svið samfélagsins með ýmsum hætti. Má þar nefna löggjöf um orkumál, dóm um innflutning á ófrosnu kjöti og hægfare eyðing á hinu tveggja stoða kerfi EFTA og Evrópusambandsins. Svo mætti áfram telja. Allt það veldur því að núverandi fyrirkomulag fjarlægist enn meira ramma stjórnarskrárinnar.

Nú liggur fyrir frumvarp sem hnykkir á forgangi laga sem eiga uppruna sinn í lögum frá Evrópusambandinu og gerir stjórnvaldstilskipanir af sama tagi rétthærrí lögum. Hið síðarnefnda er undarlegt og til þess fallið að auka flækjustig stjórnkerfisins. Hér er á ferðinni skref í átt að tilfærslu valds frá lýðræðislega kjörnum stjórnvöldum á Íslandi til Evrópusamandsins sem erfitt er við að una.

Heimssýn telur að best sé að leggja fyrrgreinda bókun 35 til hliðar og hefjast þegar í stað handa við að koma samskiptum Íslands við þær þjóðir sem eftir eru í Evrópusambandinu í þann farveg að hagsmunir Íslendinga séu sem best tryggðir, án þess að fullveldi landsins sé skert eða fargað.

Fyrir hönd Heimssýnar

Haraldur Ólafsson, formaður

14.05.2023

Til Alþingis

Umsögn um frumvarp til laga um EES, nr. 890 (bókun 35)

Heiðraða Alþingi

Löggjafarvald á Íslandi er samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins í höndum Alþingis og forseta sem eru kjörnir af fólkinu í landinu. Engu að síður hefur sá háttur verið á um nokkurt skeið að lög sem samin hafa verið af erlendu ríkjasambandi hafa verið gerð að lögum á Íslandi, að heita má umræðulaust. Er þá iðulega horft framhjá því hvort umrædd lög henti á Íslandi eða hvaða kostnað þau hafi í för með sér. Þrátt fyrir að íslenska ríkið hafi samkvæmt samningi fulla heimild til að hafna því að setja lög með þessum hætti virðist svo vera að aðilar innan stjórnkerfis landsins og sumir stjórnámálamenn telji að slík höfnun kalli á svo harðar aðgerðir af hálfu hins erlenda ríkjasambands að heimildin til að hafna löggjöf sé ekki til staðar í raun. Þetta er einkennileg staða og vandséð er að þetta fyrirkomulag standist stjórnarskrá. Vinnubrögðin sem hér er lýst eru hættuleg hagsmunum Íslendinga og ganga gegn hugmyndum þorra fólks um lýðræði.

Frá því fyrrgreint fyrirkomulag tók gildi hefur hið erlenda ríkjasamband teygt arma sína inn á sífellt fleiri svið samfélagsins með ýmsum hætti. Má þar nefna löggjöf um orkumál, dóm um innflutning á ófrosnu kjöti og hægfare eyðing á hinu tveggja stoða kerfi EFTA og Evrópusambandsins. Svo mætti áfram telja. Allt það veldur því að núverandi fyrirkomulag fjarlægist enn meira ramma stjórnarskrárinnar.

Nú liggur fyrir frumvarp sem hnykkir á forgangi laga sem eiga uppruna sinn í lögum frá Evrópusambandinu og fjallar einnig um stjórnvaldstilskipanir af sama tagi. Hið síðarnefnda er undarlegt og til þess fallið að auka flækjustig stjórnkerfisins. Hér er á ferðinni skref í átt að tilfærslu valds frá lýðræðislega kjörnum stjórnvöldum á Íslandi til Evrópusamandsins sem erfitt er við að una.

Heimssýn telur að best sé að leggja fyrrgreinda bókun 35 til hliðar og hefjast þegar í stað handa við að koma samskiptum Íslands við þær þjóðir sem eftir eru í Evrópusambandinu í þann farveg að hagsmunir Íslendinga séu sem best tryggðir, án þess að fullveldi landsins sé skert eða fargað.

Fyrir hönd Heimssýnar

Haraldur Ólafsson, formaður

Utánríkismálanefnd Alþingis

27. apríl 2023

Fyrir hönd Heimssýnar þakka ég fyrir boð um að senda umsögn um frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið (bókun 35), 890. mál. Boðið barst í gær og beðið er um umsagnir fyrir 2. maí nk.

Efnið hefur verið rætt innan samtakanna og ljóst er að hér er um afar viðamikið mál sem á sér marga anga. Afleiðingar þess ef frumvarpið verður að lögum virðast geta orðið töluverðar, en sitthvað virðist þó óljóst í því sambandi. Málið snertir grundvallaratriði í stjórnskipun íslenska ríkisins og því afar mikilvægt að stíga varlega til jarðar, svo ekki verði mikið tjón sem erfitt getur verið að bæta.

Heimssýn mun standa fyrir opinberum fundum um þetta mál á næstu vikum og í ljósi þess og hversu mikilvægt málið er leggjum við eindregið til að frestur til að veita umsögn verði framlengdur um 4-6 vikur.

Virðingarfyllt,

Haraldur Ólafsson

Formaður Heimssýnar

haraldur68@gmail.com

Nefndarsvið Alþingis
bt. utanríkismálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogur 11. maí 2023

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993 (bókun 35), 890. mál:

Here it is argued that no matter what choice is taken, in order to escape the impasse (judicial interpretation versus constitutional/statutory reform) the main objective and outcome must always be kept in mind: to secure access to justice in both a formal and substantive manner, that is to say, access to both national/European courts, system of effective remedies and best judicial protection of European rights.

Bibliography

1. Andenas, M., "Sovereignty", in Baudenbacher, C., *Fundamental principles of EEA law, EEA-ities*, Springer, New York, 2017, pp. 91-108.
2. Arnesen, F., Fredriksen, H. H., Graver, H. P., Mestad, O. and Vedder, C., (referred as Arnesen et. al.) (eds), *Agreement on the European Economic Area: A commentary*, C. H. Beck -Hart-Nomos and University of Oslo, Baden-Baden, München, 2018.
3. Baudenbacher, C., *Judicial Independence: Memoirs of a European Judge*, Springer, New York, 2019.
4. Baudenbacher, C. (ed), *The Fundamental Principles of EEA Law: EEA-ities*, Springer, New York, 2017.

5. Baudenbacher, C. (ed), *The Handbook of EEA Law*, Springer, New York, 2016.
6. Baudenbacher, C., Tresselt, P. and Orlygsson, T. (eds), *The EFTA Court: Ten Years on*, Hart Publishing, Oxford, 2005.
7. Björgvinsson, D. Þ., “Enn um fullveldi og EES”, 2014 short essay/blog entry available online at: <https://uni.hi.is/davidth/2014/05/21/enn-um-fullveldi-og-ees/>.
8. Björgvinsson, D. Þ., “Fullveldi og þjóðréttarsamstarf”, *Lögmannablaðið*, 2018, vol.24(4), pp 10-14.
9. EFTA Surveillance Authority. ESA. Letter to the Icelandic Ministry of Foreign Affairs of 17 June 2015. Letter of formal notice to Iceland concerning State liability for breach of EEA law by a court adjudicating at last instance available online at: <http://www.eftasurv.int/media/decisions/752617.pdf>.
10. EFTA Surveillance Authority. ESA. Reasoned opinion delivered on 20th January 2016 in accordance with Article 31 of the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice available online at: <http://www.eftasurv.int/media/esa-docs/physical/775380.pdf>.
11. EFTA Surveillance Authority. ESA. Letter to the Icelandic Ministry of Foreign Affairs of 13th December 2017. Decision No: 212/17/COL. Letter of formal notice to Iceland concerning Iceland’s implementation of Protocol 35 to the EEA Agreement’, available online at <http://www.eftasurv.int/da/DocumentDirectAction/outputDocument?docId=4071>.
12. Einarsdóttir, M., “Bótaábyrgð vegna brota á EES-rétti sem rekja má til æðstu dómstóla”, *Tímarit lögfræðinga*, 2011, vol. 61(1), pp. 5-33.
13. Einarsdóttir, M., “Forgangsráhrif EES-réttar í íslenskum rétti”, *Tímarit Lögréttu* 2014, pp. 75-86.
14. Einarsdóttir, M., “Incorporation and Implementation – The Execution of the EEA Agreement by the Icelandic State”, *Nordic Journal of European Law*, 2019, vol. 2 (1), pp. 1-23.
15. Einarsdóttir, M. and Stefán Már Stefánsson, S. M., “Beiting innleiddra EES-reglna í íslenskum rétti í ljósi bókunar 35”, in Örlygsson (et al), *Hæstiréttur í Hundrað ár*, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 2020, pp. 341-357.
16. Franklin, C.N.K., Hannesson, O.I., Rúnarsson, O.B., Baur, G. and Steiner, E., “National Report for Norway – with perspectives from Iceland and Liechtenstein”, in “National Courts and the Enforcement of EU law”, FIDE XXIX Congress, The Hague, 2020, forthcoming.
17. Fredrikssen, H.H., “The EFTA Court and the Principle of State Liability: Protecting the Jewel in the Crown”, in Baudenbacher, C., Speitler, P. and Pálmarsdóttir, B. (EFTA Court) (eds), *The EEA and the EFTA Court: Decentred Integration*, EFTA Court publication, Luxembourg, 2014.
18. Gísladóttir, S. I., *The Saga of Þór Kolbeinsson. Challenges of Imagining State Liability for Judicial Infringements of EEA Law in Iceland*, Master’s thesis supervised by Dr. Prof. M. Elvira Méndez Pinedo, University of Iceland, 2012, available online at <https://skemman.is/handle/1946/13082?locale=en>.
19. Haass, R. N., “World Order 2.0. The Case for Sovereign Obligation”, *Foreign Affairs*, January/February 2017, available online at: <https://www.foreignaffairs.com/articles/2016-12-12/world-order-20>.
20. Hannesson, O.Í., “Advisory Opinions in the EEA: The Icelandic Supreme Court and the EFTA Court”, *European Law Review*, 2018, vol. 6, pp. 858-879.

21. Hannesson, O. Í, “The Status of Non-Implemented EEA Law in Iceland: Lessons from the Judicial Reactions of the Supreme Court to International Law”, *Nordic Journal of International Law*, 2011 (80), pp. 425-458.
22. Hirschl, R., “Opting Out of “Global Constitutionalism”, *Law & Ethics of Human Rights*, 2018, vol. 12 (1), pp. 1-36.
23. Hofmann, A., "Resistance against the Court of Justice of the European Union", *International Journal of Law in Context*, 2018, vol. 14 (2), pp. 258-274.
24. Hreinsson, P., “General principles of Law”, in Baudenbacher, C. (ed.), *The Handbook of EEA law*, Springer, New York, 2016, pp. 349-389.
25. Iceland. *Report of the Working Group on the EEA co-operation*, Ministry of Foreign Affairs, Reykjavík, September 2019 Executive summary in English available online at: <https://www.government.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=918d3e73-e465-11e9-944d-005056bc4d74>.
26. Madsen, M., Cebulak, P. and Wiebusch, M., “Backlash against international courts: explaining the forms and patterns of resistance to international courts”, *International Journal of Law in Context*, 2018, vol. 14(2), pp. 197-220.
27. Magnusson, S. and Hannesson, O.Í, “State liability in EEA Law: towards parallelism or homogeneity?”, *European Law Review*, 2013 (2), pp. 167-186.
28. Méndez-Pinedo, M. E., *EC and EEA Law. A Comparative Study of the Effectiveness of European Law*, Europa Law Publishing, Groningen, 2009.
29. Mendez-Pinedo, M.E., “Primacy/Supremacy”, *Max Planck Encyclopedia of Comparative Constitutional Law [MPECCoL]*, Oxford Constitutional Law, Heidelberg/Oxford, 2017, available online at: <https://oxcon.ouplaw.com/view/10.1093/law-mpeccol/law-mpeccol-e488?prd=MPECCOL>.
30. Méndez-Pinedo, M.E. and Hannesson, O.Í., *The authority of European law. Exploring primacy of EU law and effect of EEA law from European and Icelandic perspectives*, Lagastofnun/Law Institute –University of Iceland, Reykjavík, 2012.
31. Pétursson, G. Þ, “Forgangur EES-reglna. Hvað er að frétta af bókun 35?” in Ólafsdóttir, S. Í. (ed.), *Fullveldi í 99 ár. Söfn ritgerða til heiðurs dr. Davíð Þór Eðjörgvinssyni sextugum*, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 2017, pp. 201-223.
32. Pétursson, G. Þ and Runarsson, O. B., ‘Consistent interpretation in the case-law of the Icelandic Supreme Court 1994-2016’ in Franklin, C.N.K. (ed.), *The Effectiveness and Application of EU and EEA Law in National Courts. Principles of Consistent Interpretation*, Intersentia, Cambridge, 2018, pp. 363-410.
33. Sadl, U. and Mair, S., “Mutual Disempowerment: Case C-441/14 *Dansk Industri*, acting on behalf of *Ajos A/S v Estate of Karsten Eigil Rasmussen* and Case no. 15/2014 *Dansk Industri (DI)* acting for *Ajos A/S v The estate left by A.*”, *European Constitutional Law Review*, 2017, vol. 13(2), pp. 347-368.
34. Toledano Cantero, “Passivity of authorities and/or courts and remedies against it. Liability of judges”. Presentation held at European Judicial Training Network, Brussels, 10 April 2019 - AD/2019/02 available online at: <http://www.ejtn.eu/PageFiles/17840/Rafael%20Toledano%20Cantero%20EJTN%20AD-2019-02%20Brussels%2010-04-19.pdf>.
35. Varga, S. “The application of the Köbler doctrine by Member State Courts”, *ELTE Law Journal*, 2016 (2) available online at <https://eltelawjournal.hu/the-application-of-the-kobler-doctrine-by-member-state-courts/>.
36. Varga, S., “Why is the Köbler principle not applied in practice”, *Maastricht Journal of European and Comparative Law*, 2016, vol. 23 (6), pp. 984-1008, available online at: <https://doi.org/10.1177/1023263X1602300605>.

Utánríkismálanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. maí 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið (bókun 35), 890. mál.

Hið framkomna frumvarp, er umsögn þessi lýtur að, er slíkum annmörkum háð að ekki er unnt að leiða það í lög án þess að brotið verði gegn megingrundvelli íslensks réttar um tvíeðli lands- og þjóðaréttar. Þar að auki gengur fyrirhuguð lagasetning gegn stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og heggur að rötum lýðveldisins sjálfs. Samkvæmt íslenskum rétti er lands- og þjóðaréttur ekki hluti af sama réttarkerfi heldur er um sitt hvort réttarkerfið að ræða. Fyrirhuguð lagabreyting mun í raun veita þjóðréttarlegum reglum bein réttaráhrif á Íslandi, sem auk þess er ætlað að ganga framar öðrum íslenskum réttarreglum.

Sérstakt áhyggjuefni er þó 2. ml. 1. gr. frumvarpsins sem hljóðar svo: „*Sama á við um skuldbindingar sem eru innleiddar með stjórnvaldsfyrirmælum.*“ Með þessu nýja ákvæði er verið að innleiða þá réttarreglu að stjórnvaldsfyrirmæli skuli ganga framar íslenskum réttarreglum og þá jafnframt stjórnarskrá, sem er grundvallarbrott á stöðu stjórnvaldsfyrirmæla gagnvart settum lögum. Bent skal á að í Evrópurétti gildir sú regla að Evrópurétturinn gengur framar landsrétti og þá jafnframt framar stjórnarskrá viðkomandi ríkja.

Lýðveldið Ísland er sjálfstætt lýðræðisríki með eigin stjórnarskrá, eigið lagasetningavald og jafnframt eigin æðsta dómstól, Hæstarétt Íslands. Í lýðræðinu felst að fólkið í landinu hefur valdið og felur það vald kjörnum fulltrúum sínum til framkvæmdar. Þau lög og reglur sem settar eru af kjörnum fulltrúum fólksins eiga því jafnframt að endurspeglar vilja fólksins og vera þeim til hagsbóta en að öðrum kosti eru stjórnvöld ekki lengur þjónar fólksins. Í dag er þó málum svo farið, vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu í gegnum EES-samninginn, að meginhluti laga og reglna kemur frá Evrópusambandinu og er lagasetningarframkvæmdin með þeim hætti í raun að kjörnum fulltrúum þjóðarinnar er ætlað að samþykkja þau lög og reglur, sem frá Evrópusambandinu koma, nánast til málamyndar. Og þá jafnframt að ef slík lög og reglur eru ekki samþykktar þá sæti landið refsingum, s.s. samningsbrottamálum. Lög og reglur sem Alþingi Íslands eru send til samþykktar frá Evrópusambandinu koma hvorki frá fólkinu né kjörnum fulltrúum fólksins, heldur í raun frá embættismönnum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, og er því ekki hægt að segja að þessi lög og reglur séu fólkinu að jafnaði til hagsbóta, þó því sé haldið á lofti. Þó að þau lög og

reglur sem frá Evrópusambandinu koma séu formlega samþykkt af Alþingi og þannig veitt staða landsréttar þá eru þetta reglur sem Evrópusambandið á alfarið frumkvæði að og stjórnar alfarið efni og inntaki þeirra. Reglurnar eru því í raun þjóðréttarlegs eðlis þó að þær hafi verið klæddar í búning landsréttar.

Evrópusambandið er í eðli sínu ólýðræðislegt fyrirbæri, sem er bein afleiðing af upphaflegum tilgangi og markmiðum stofnunar þess. Regluverk og valdsvið sambandsins hefur jafnframt þanist út á liðnum árum og áratugum, og sú þróun heldur ótrauð áfram. Þó að Evrópusambandið eigi að nafninu til að vera lýðræðislegt þá er því einfaldlega ekki svo farið í raun. Evrópusambandið er mjög miðstýrt og skrifræðislegt, þar sem raunveruleg völd og áhrif liggja hjá framkvæmdastjórninni. Það er framkvæmdastjórnin sem hefur frumkvæði að lagasetningu¹, semur lagafrumvörp og leggur þau fyrir Evrópuþingið og Ráðherraráð Evrópusambandsins til samþykktar. Við undirbúning og ritun lagafrumvarpa nýtur framkvæmdastjórnin dyggs stuðnings hagsmunaaðila² en þeir hagsmunaaðilar halda nú úti gríðarlega umfangsmikilli starfsemi í tengslum við framkvæmdastjórnina. Miðstýrt eðli framkvæmdastjórnarinnar og hversu umsetin hún er hagsmunaaðilum gerir það að verkum að framkvæmdastjórnin er útsett fyrir spillingu og öðru hagsmunapotí.

Bent skal á að hvorki Evrópuþingið né þeir þingmenn sem þar sitja hafa heimild eða rétt til að leggja fram lagafrumvörp, það er alfarið á hendi framkvæmdastjórnarinnar. Evrópuþingið er því ekki raunverulegt þing í þeim skilningi sem við leggjum í það hugtak, þar sem það hefur engar heimildir til að leggja til ný lagafrumvörp eða í raun að gera breytingar. Þingmönnum er þó góðfúslega heimilt að leggja til breytingar á lagafrumvörpum en þær breytingar geta aðeins verið samþykktar ef framkvæmdastjórnin samþykkir þær breytingar líka. Raunverulegt hlutverk Evrópuþingsins er því ekki annað en að láta Evrópusambandið líta út fyrir að vera lýðræðislegt. Ráðherraráðið starfar svo alfarið fyrir luktum dyrum og engin veit hvað liggur ákvörðunum ráðsins til grundvallar í raun, sem er í eðli sínu ólýðræðislegt.

Hið raunverulega lagasetningarvald hefur því fallið í hendur ókjörinna aðila sem þurfa ekki að standa og falla með verkum sínum gagnvart fólkinu enda er starfsemi framkvæmdastjórnarinnar hulin leyndarhjúp og er að meginstefnu til andlitslaus. Lagafrumvörpin sem frá framkvæmdastjórninni koma eru svo þess eðlis að þau eru gríðarlega flókin og svo mjög að það er ekki nema á færi helstu sérfræðinga að skilja þau að fullu. Lagamál Evrópusambandsins er jafnframt orðin að einhverskonar latínu nútímas sem almenningur á erfitt með að skilja. Jafnframt eru lögin þeim annmörkum háð að þau eru mjög matskennd þar sem hugtök eins og „viðeigandi“ eru notuð, sem aftur leiðir til þess að eftirlitsstofnunum er falið að útfæra hvaða skilning á að leggja í reglurnar. Lögin uppfylla því ekki það

¹ https://commission.europa.eu/about-european-commission/what-european-commission-does/law_en

² <https://corporateeurope.org/sites/default/files/publications/ceolobbylow.pdf>

grunnskilyrði að vera aðgengileg né auðskiljanleg fyrir borgarana, heldur eru þau matskennd og háð frekari túlkun og útfærslu embættismanna.

Gerð og eðli lagafrumvarpa sem frá framkvæmdastjórninni koma eru einnig lituð af umfangi hagsmunagæslu stórfyrirtækja og hafa leitt til þess að staða stórfyrirtækja styrkist á kostnað lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Stórfyrirtæki ná með þessu móti fram niðurstöðu og umhverfi sem er þeim hagfelld á kostnað minni aðila. Umfangsmikið og mjög íþyngjandi regluverk Evrópusambandsins er jafnframt sérstaklega óhagstætt fyrir Ísland þar sem við erum lítið hagkerfi, sem samanstendur af litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Reglubyrði bitnar hlutfallslega þyngra á minni fyrirtækjum en er stórfyrirtækjum hagfelld. Reglubyrðin dregur einnig úr hagvexti, einstaklingsframtaki, framþróun og nýsköpun, sem miðlægt styrktarkerfi geta aldrei bætt upp. Í raun hefur verið skapað reglukerfi og lagaumhverfi sem aðeins stórfyrirtækjum er fært að stafa í til lengdar. Með þessu móti er einnig í raun unnið gegn samkeppni, sem leiðir til fákeppni og þvingar neytendur til að borga hærri verð fyrir lakari vörur og þjónustu þegar upp er staðið, þá þvert á yfirlýst markmið.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hefur um langt árabil legið undir ásökunum um spillingu og hagsmunagæslu fyrir stórfyrirtæki³, það er jú eðli svo samþjappaðs valds að vera útsett fyrir spillingu. Nefna má fjölmörg dæmi um þær ásanir sem hafa komið fram um spillingu á hendur framkvæmdastjórninni en tekið skal fram að þetta tiltekna dæmi tengist umsögn þessari ekki að öðru leyti. Í apríl mánuði 2021 náðu Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, annars vegar og hins vegar Albert Bourla, forstjóri lyfjafyrirtækisins Pfizer, samningum um kaup Evrópusambandsins á alls 1,8 milljörðum skammta af bóluefni, sem þá hafði nýlega verið þróað. Samningaviðræður þeirra áttu sér stað m.a. með sendingum persónulegra textaskilaboða, sem ekki hafa fengist afhent þrátt fyrir kröfur um það. Þessir samningar hafa m.a. sætt gagnrýni sökum þess að þessum bóluefnum hefur þegar að nokkru leyti verið hent á ruslahaugana og útlit er fyrir að aðeins lítill hluti af þessum kaupum komi að endingu til notkunar. Auk þess hefur hlutlægni Ursula von der Leyen verið dregin í efna þar sem eiginmaður hennar Heiko von der Leyen starfar fyrir fyrirtækið sem tengist þróun að þessum tilteknu bóluefnum.⁴

Ýmsar stofnanir Evrópusambandsins hafa gert alvarlegar athugasemdir við þessi viðskipti og hvernig þau komu til. Þar má helst nefna umboðsmann Evrópusambandsins (European Ombudsman), sem sakaði Ursulu von der Leyen um spillta stjórnarsýsluhætti (Maladministration) þann 12. júlí 2022⁵, endurskoðanda Evrópusambandsins (European Court of Auditors), sem kallað hefur eftir breyttum starfsháttum⁶ og svo hefur efnahagsbrotadeild

³ <https://www.transparency.org/en/gcb/eu/european-union-2021>

⁴ https://www.europarl.europa.eu/doceo/document/E-9-2022-003749_EN.html

⁵ <https://www.ombudsman.europa.eu/en/decision/en/158295>

⁶ <https://www.politico.eu/wp-content/uploads/2022/09/12/SR-19-2022-COVID-19-vaccine-procurement.pdf>

Evrópusambandsins (The European Public Prosecutor's Office) þessi kaup til rannsóknar en sú rannsókn beinist að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins⁷.

Þrátt fyrir þessar tilteknu ásakanir auk annarra þá hefur framkvæmdastjórinn, Ursula von der Leyen, ekki séð ástæðu til að víkja sæti né hefur henni verið vikið úr sæti af þeim sem hafa vald til þess. Nokkurri furðu sætir að henni sé sætt í embætti m.v. þær ákúrir og rannsóknir sem hún og embætti hennar sæta. Setja má þetta í íslensk samhengi og ef t.d. forsætisráðherra Íslands hefði átt í leynilegum samningaviðræðum og keypt vörur af stórfyrirtæki fyrir hönd íslenska ríkisins. Það hefði svo leitt til þess að forsætisráðherrann hefði verið sakaður um spillta stjórnýsluhætti af Umboðsmanni alþingis, Ríkisendurskoðandi hafi kallað eftir breyttum starfsáttum og efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra hefði forsætisráðherrann til rannsóknar þá leyfi ég mér að fullyrða að viðkomandi yrði ekki sætt í embætti hér á landi. Hins vegar situr Ursula von der Leyen áfram í embætti eins og ekkert hafi í skorist og það getur ekki bent til annars en að spilling í Evrópusambandinu sé í raun kerfislæg. Undir þessum kringumstæðum er ekki annað hægt en að gæta varhugar við allri viðleitni Evrópusambandsins til að þvinga lögum og reglum sínum upp á Íslendinga eða veita þeim forgang. Við verðum einfaldlega að hafa endanlegt vald um hvaða lög og reglur gilda hér á landi.

Við ættum ekki að láta söguna endurtaka sig og við höfum áður samþykkt að veita erlendum lagareglum bein réttaráhrif á Íslandi, eins og stendur til í raun að gera með tilvísaðri bókun 35. Það gerðist með Kópavogssamningnum, þann 28. júlí 1662, þar sem Íslendingar samþykktu einnig erfðaeinveldi Danakonungs. Fram að þeim tíma þurfti samþykki Íslendinga fyrir nýjum konungi. Afleiðingar Kópavogssamningsins voru jafnframt þau að lög sem konungur setti hlutu sjálfkrafa lagagildi á Íslandi, þá án samþykkis Alþingis ólíkt því sem áður hafði verið. Erfðaeinveldið var svo í gildi allt til ársins 1874 þegar Íslendingar fengu sína eigin stjórnarskrá. Stjórnarskráin frá 1874 er eitt merkasta skjal Íslandssögunnar og í henni er að finna grundvallar mannréttindaákvæði, t.d. um friðhelgi heimilis og eignarréttar, atvinnufrelsi auk prent- og félagafrelsi.

Nú stendur fyrir dyrum að samþykkja „Nýja Kópavogssamninginn“, þ.e.a.s. bókun 35 við EES-samninginn, sem á að veita á ný erlendum lagareglum í raun forgang fram yfir þær íslensku og færa okkur nær erfðaeinveldinu enn á ný. Áður en bókun 35 verður lögfest þá þurfum við einfaldlega að spyrja okkur hvort við viljum vera sjálfstæð og fullvalda þjóð eða ekki. Að veita lögum Evrópusambandsins forgangsáhrif yfir íslensk lög er í raun lína sem má ekki fara yfir og er einfaldlega ekki ásættanlegt. Ísland og Alþingi hefur enn í dag formlega rétt til að hafna erlendum réttareglum og þær taka ekki gildi hér á landi nema með okkar samþykki. Þessu á í raun að breyta með bókun 35. Fyrirhuguð forgangsáhrif laga Evrópusambandsins samrýmast

⁷ <https://www.eppo.europa.eu/en/news/ongoing-eppo-investigation-acquisition-covid-19-vaccines-eu>



jafnframt ekki stjórnarskrá Íslands, sem við fengum að grunni til árið 1874 þegar erfðaeinveldið var afnumið.

Virðingarfyllst,

Skúli Sveinsson

Skúli Sveinsson, lögmaður

10. 05. 2023

Umsögn um Breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993

Ég þakka fyrir tækifærið sem gefst til að leggja fram umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þannig orðað:

“Ef skýrt og óskilyrt lagaákvæði sem réttilega innleiðir skuldbindingu samkvæmt EES samningnum er ósamrýmanlegt öðru almennu lagaákvæði skal hið fyrrnefnda ganga framar, nema Alþingi hafi mælt fyrir um annað. Sama á við um skuldbindingar sem eru innleiddar með stjórnvaldsfyrirmælum.”

Með þessari lagagrein er leitast við að innleiða í íslenska löggjöf skuldbindingar Íslands sem tengjast EES (bókun 35) á afdráttarlausari hátt en gert var árið 1993. Þá var, sem eðlilegt hlaut að teljast, höfð í lagatextanum tilvísun, of opin til túlkunar að því er nú þykir, á því hvað undir ESB/EES-rétt heyrði, það er að skýra skuli “lög og reglur, **að svo miklu leyti sem við á**, til samræmis við EES samninginn og þær reglur sem á honum byggja.” Í íslensku þýðingunni á bókun 35 segir að “**ef þörf krefur**” skuldbindi EFTA-ríkin sig til að tryggja með lögum að EES reglur hafi forgang ef árekstur verði á milli þeirra og almennra íslenskra laga.

Orðalagsmunurinn kann að skipta máli og gefa vísbendingu um skilning íslensku samningamannanna á bókun 35. En með lagagreininni sem nú skal bætt inn í lögin telur ESB/EES dómsvaldið hins vegar að allur vafi sé tekinn af um að túlkunarvaldið heyrir því til. Íslensku samningamennirnir vildu greinilega áskilja innlendum dómstólum aðkomu að því að skera úr um það hvað nákvæmlega heyrði undir “fjórfrælsið” þegar álitamál á gráu svæði kæmu upp. Með þessum lögum er girt fyrir slíka aðkomu.

Með frumvarpinu fylgir ítarleg greinargerð þar sem ýmsu er vel gerð grein fyrir en sumt orkar aftur tvímælis í röksemdafærslu sem ætluð er til að sannfæra okkur um nauðsyn þessarar lagabreytingar svo hnökRAR séu ekki á því að EES samningnum sé framfylgt til hin ítrasta: “Sem lítið og opið samfélag hefur Ísland ríka hagsmuni af því að staðið sé við þjóðréttarlegar skuldbindingar.”

Þetta er nokkuð sérkennileg athugasemd eða hvað skyldi vera frábrugðið fyrir smáa þjóð sem ekki eigi við um fjölmennari þjóðir þegar um það er að ræða að þjóðréttarlegar skuldbindingar séu virtar? Ætla hefði mátt að málið snerist um lög, reglur og prinsipp en varla um það hvort borgi sig að standa við skuldbindingar sínar. Hitt er svo annað mál að spyrja má hvort hin smáa þjóð þurfi á vernd að halda gagnvart fjölþjóðarisum sem gína yfir innviðum samfélaganna og kemur þá upp í hugann nýfallin dómur EFTA dómstólsins sem ógilti úrskurð Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um að ríkisaðstoð vegna sæstrengs hefði verið í samræmi við EES samninginn. Að meina samfélagi um að vilja sjálft halda utan um grundvallar innviði sína eins og sjálfan naflastrenginn til landsins vekur spurningar um það vald og eftir atvikum valdaafsal sem það samfélag hefur undirgengist.

Ég fæ ekki annað séð en að í þessari lagagrein og skýringum með henni séu ýmsar mótsagnir í framsetningunni, í besta falli hálfkveðnar vísur. Staldrá ég þá fyrst við lykilatríði þessa frumvarps, nefnilega að “réttilega” innleiddur Evrópuréttur skuli hafa forgang gagnvart íslenskum lögum “nema Alþingi hafi mælt fyrir um annað.”

Hér hygg ég að flestum lesendum þyki að samkvæmt orðanna hljóðan geti íslenskur löggjafi samþykkt skuldbindingar EES en engu að síður jafnframt takmarkað réttaráhrif þessara skuldbindinga með því að kveða á um tilteknar takmarkanir í íslenskum lögum.

Mótsögnin væri þá fólgin í því að gefa í skyn að íslenskur réttur skuli vera ráðandi ef ákveðið hafi verið með lögum að svo eigi að vera þegar í reynd er síðan sýnt fram á það í greinargerð að þegar á slíkt reyndi væri um tvennt að ræða, að ríkið yrði skaðabótaskyldt vegna

samningsbrota eða að EFTA dómstóllinn höfðaði mál á hendur Íslandi fyrir samningsbrot!

Gagnlegt væri að fá yfirlit yfir þau lög íslensk sem hafi beinlínis mælt fyrir um takmarkanir á skuldbindingum samkvæmt EES samningnum. Dæmin þekkjast vissulega eins og vikið verður að, en ekki hafa þau skilað tilætluðum árangri.

Þá hafa verið gefnar pólitískar yfirlýsingar um skilyrta upptöku skuldbindinga gagnvart EES samningnum, og má þar nefna innleiðingu þjónustutillskipunarinnar 2009, en þar var sérstaklega settur fyrirvari við einkavæðingu innan heilbrigðiskerfisins, og svo vegna innleiðingar orkustefnu ESB svo nýlegra dæmi sé tekið. Reyndin er hins vegar sú að fyrirvarar af þessu tagi eru haldlausir og jafnvel þegar íslensk lög hafa í undantekningartilvikum verið sett þvert á ESB skuldbindingar, beinlínis til að takmarka þær, hefur þeim lögum verið hnekkt fyrir EFTA dómstólnum, sbr. innflutning á hráu kjöti. Þar var ríkið dæmt í sekt. Æskilegt væri að þingmenn kölluðu eftir nánari skýringum á frumvarpinu hvað þetta varðar og tækju um það málefnalega umræðu sem þeir skiluðu síðan frá sér út í þjóðfélagið svo ekkert orkaði tvímælis gagnvart þingi og þjóð.

Þetta er nokkuð sem flutningsmenn frumvarpsins verða með öðrum orðum að svara, hvað átt sé við í stjórnarfrumvarpinu með því að fullyrða að Alþingi geti mælt fyrir um aðrar lagareglur en þær sem felast í “réttilega innleiddri skuldbindingu samkvæmt EES samningnum”. Það væri orðhengilsháttur að segja okkur hið augljósa, nefnilega hvað hægt er að leggja til að forminu til, ef ekki væri raunveruleg innistæða þar á bak við, með öðrum orðum að fyrirvarinn hafi efnislegt inntak en sé ekki aðeins hafður til sýnis svo menn megi sannfærast um að ekki sé um afsal á lagalegu forræði að ræða.

Önnur leið sem farin er í greinargerðinni til að sannfæra okkur um að ekki sé um neins konar afsal að ræða, er að benda á að þótt lagagreinin sem hér er til umræðu yrði samþykkt þá megi afnema hana með lögum. Íslenskt löggjafarvald sé þannig á sínum stað! Mikið rétt, við getum líka sagt okkur frá EES.

Annað sem ég tel vera misvísandi og afvegaleiðandi er þegar sýnt er fram á að til séu ýmis fordæmi þess að íslensk lög séu látin víkja fyrir fjölbjóðlegum skuldbindingum okkar, talað er um fjölbjóðlega samninga um loftferðir, reikningsskilareglur, dýralyf og fleira. Þetta er þá væntanlega til samanburðar á skuldbindingum sem Ísland gaf við samningaborð árið 1993 án þess að menn sæju þá fyrir að þrjátíu árum síðar ættum við fullt í fangi með að verja yfirráð yfir orkuauðlindum Íslands og nánast öllum innviðum landsins. Staðreyndin er sú að þegar EES samningurinn var gerður var þetta engan veginn fyrirséð og leyfi ég mér að efast um að gengið hefði verið að samningum ef þetta hefði verið vitað. Þannig að mjög misvísandi er að bera samninga um mjög afmörkuð efni við samning eins og EES samningurinn hefur þróast þar sem nánast öll samfélagsgerðin er undir. Með öðrum orðum, breytingar á EES samningnum hafi orðið það miklar og snúi að slíkum grundvallaratriðum að leitt hafi af sér eðlisbreytingu á þessum samingi. Grundvallarbreytingar á EES samningnum og því sem hann leiðir af sér kalla tvímælalaust á umræðu um sjálfan grundvöll aðildar Íslands að EES.

Athygli vekur að höfundar og forsvarsmenn frumvarpsins taka skýra afstöðu hvað varðar þann ágreining sem staðið hefur um EES samninginn frá upphafi en ágerst hefur hin síðari ár. Skal nú vikið að þeim ágreiningi.

Annars vegar hefur verið það sjónarmið uppi að EES samningurinn hafi verið til góðs vegna þess að hann hafi leitt til ýmissa umbóta í réttarkefinu sem gagnast hafi einstaklingum og fyrirtækjum svo og afnáms tolla en ekki síður vegna þess að samningurinn hafi stuðlað að markaðsvæðingu samfélagsins. Um þann þátt hefur helst verið deilt.

Margir líta svo á að þróun í átt til markaðsvæðingar vegna ákvæða samningsins hafi grafið undan möguleikum til þess að fara aðrar leiðir en markaðslögmálin bjóða og er þá ekki meginmálið hvor leiðin sé betri, hin markaðsvædda eða hin samfélagslega, heldur hitt hver

skuli ráða. Eftir miðjan tíunda áratuginn varð smám saman sú stefnubreyting hjá Evrópusambandinu að færa sífellt fleiri og stærri geira samfélagsins undir hinn samræmda markað og þar með þá Evrópulöggjöf sem gildir um hann. Í greinargerð frumvarpsins er réttilega vikið að þessu og sagt að EES hafi þróast og hafi upphaflegi EES samningurinn þar með tekið breytingum.

Einnig er gerð grein fyrir því að samningamenn Íslands hafi streist gegn því að EES réttur yrði sjálfkrafa innleiddur hér á landi heldur þyrfti að samþykkja hverja þá breytingu sem ESB gerði á sínu laga- og regluverki sem snýr að “fjórfrölsinu”. Í þessu kristallaðist umræðan um fullveldi og fullveldisafsal. Annað sem samningamenn Íslands vildu tryggja er að í þeim tilvikum þar sem tekist væri á um lagatúlkun á sviði sem vafi léki á um hvort heyrði undir EES, þá yrði íslensku dómsvaldi ekki vikið til hliðar. Greinargerðarhöfundar segja hins vegar að ESB rétturinn hafi verið að styrkjast með dómum í tímans rás en nota bene, þar er um dómsvald ESB að ræða. Það hefur verið að styrkja eigið vald. Þarna er enn ein hálfkveðna vísan.

Hér á landi sem annars staðar varð áherslan í EES á friðsamtíð einsleitan og hindrunarlausan markað til þess að fjárfestar í atvinnulífi gátu nýtt sér samninginn og þær breytingar sem á honum voru gerðar, til þess að brjóta niður samfélagsþjónustu á þeim sviðum sem nú skyldu heyra undir markaðslögmálin. Minnst ég þess þegar ég reyndi sem þáverandi innanríkisráðherra að styrkja almenningssamgöngur á Suðurnesjum með því að auðvelda sveitarstjórnnum að samþætta samgöngur til og frá Leifsstöð rekstri þeirra á samgöngukerfi Suðurnesja en það hefði stórlega eflt almennasamgöngur á því svæði. Hlaut þetta mjög eindreginn stuðning Markaðsstofu Suðurnesja og annarra sem báru almannahag fyrir brjósti. Þessar tillögur voru hins vegar kærðar til Brussel sem komst að þeirri niðurstöðu að áformin myndu grafa undan samkeppni og mismuna sameppnisaðilum. Allir vita hvert framhaldið varð með nánast einokandi aðstöðu sterkasta aðilans. Strætisvagnaferðir eru vissulega leyfðar en þá sem hornreka því einokun eða í besta falli fákeppni er þarna við lýði. Áform min höfðu verið að tryggja að sú fyrirsjáanlega einokun þjónaði samfélaginu sem best.

Sömu sögu er að segja um aðdraganda þess að komið var á strandsiglingum að nýju að frumkvæði innanríkisráðuneytisins svo ég nefni annað dæmi sem ég þekki vel af eigin raun. Þetta tókst þrátt fyrir tafir af völdum umsagnaraðila í Brussel og hótunum um kærur þangað af hálfu þeirra aðila sem óttuðust að þeir kynnu að missa spón úr eigin aski ef ríkissjóður kæmi að málum. Þetta eru dæmi um átök á milli hagsmuna samfélags og fjármagns. Einhverjir kunna að segja að þegar upp sé staðið tryggi markaðurinn hagsmunum samfélagsins þannig að þetta tvennt sé ekki aðskilið heldur samofið. Væri sú raunin þá breytir það ekki því að samfélagið ætti að ráða með lýðræðislegum hætti hvernig það kys að skipuleggja sig. Frumvarpshöfundar leyna því ekki hvoru megin þeirra hjarta slær. Sú réttarbót sem þeir segja EES samninginn hafa veitt er, frá þeirra sjónarhóli horft, fyrst og fremst í þágu þeirra sem sækja á ríkið en sem kunnugt er hafa það að uppistöðu til verið fjárfestar og atvinnurekendur. Þannig segir um það lagaákvæði sem nú stendur til að lögfesta að í því sé fólgin mikil réttarbót fyrir einstaklinga og lögaðila á sviðum þar sem ESB-reglur hafa verið teknar upp í EES-samninginn: “Þau réttindi geta einstaklingar sótt sjálfir gegn ríkinu með skýrari hætti en mögulegt er á grundvelli annarra alþjóðasamninga.”

En allt þurfi að vera sem klappað í stein. Svo sé hins vegar ekki: “Þetta veldur því enn fremur að einstaklingar og lögaðilar hafa ekki í öllum tilvikum getað byggt á og náð fram þeim réttindum sem samningurinn áskilur þeim.”

Íslenskir hagsmunaaðilar sem hvað ákafast hafa hamast gegn almannahag, augljóslega oftar en ekki til þess að geta sjálfir komist nær kjötkötlunum – og þá iðulega með því að komast

yfir starfsemi og rekstur sem samfélagið hefur byggt upp - hafa hvatt til þess að íslensk stjórnvöld verði með góðu eða illu látin samþykkja þá lagabreytingu sem nú liggur fyrir. Því kalli hefur verið svarað í Brussel eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins. Þar segir: “ESA hefur kynnt að fyrir liggi að verði ekki bætt úr innleiðingu á bókun 35 muni stofnunin taka næsta skref og höfða mál fyrir EFTA-dómstólnum með kröfu um staðfestingu dómstólsins á því að Ísland hafi brotið gegn skuldbindingum sínum samkvæmt EES-samningnum.”

Og hvernig skal brugðist við þessari hótun? Það skal gert með því að horfa framhjá hótuninni en verða þó við henni: “Með frumvarpinu er frumkvæði og forræði stjórnvalda á málinu tryggt.”

Með öðrum orðum, íslensk stjórnvöld þurfa að bjarga andlitinu í Brussel og láta líta svo út að þetta hafi alltaf verið ætlunin. Til að sanngirni sé gætt skal þess þó getið að vinnuhópar á vegum ríkisstjórnarinnar höfðu áður komist að svipaðri niðurstöðu.

Nú er það skýrt tekið fram í greinargerð að Evrópuréttur sem aðildarríki Evrópusambandsins eða EES innleiða er yfirþjóðlegur réttur. Þess vegna skiptir öllu máli að hafa svigrúm til að undanskilja íslenskt samfélag því laga- og regluverki sem ætla má að skaði íslenskt samfélag. Sagan skiptir máli og til þess að menn njóti sammælis í sögunni ber að halda því til haga að samningamenn Íslands árin 1992 og 1993 sem sömdu um EES lögðu áherslu á tvennt, annars vegar að sérstaka innleiðingu þyrfti svo ESB réttur yrði virkur hér á landi en að það gerðist ekki sjálfkrafa eins og í aðildarríkjum ESB, að þessu er áður vikið. Hitt atriðið var að sjálfsögðu grundvallaratriði sem ekki má gleymast: Samningamenn Íslands vildu að samningurinn fengi risið undir nafni sem slíkur, sem samningur! Það hefur hins vegar aldrei gengið eftir. Vissulega var samningurinn um EES samningur þegar hann var gerður en þrátt fyrir ýmsar grundvallarbreytingar á honum hefur aldrei verið um neitt að semja. Það reyndist allt óskhyggja og tálsýn.

Í ljósi þessa tel ég að Íslendingar þurfi að skoða framtíðina varðandi EES og þá hvort þeir vilji áfram berast stjórnlaust með straumnum. Og vel að merkja, sá straumur gerist stöðugt stríðari. Sú skoðun að Íslendingar geti haft meiri áhrif innan ESB en utan er enn ein blekkingin og þarf ekki annað en að skoða ferli ákvarðana í ESB til dæmis varðandi aðkomu ríkja að félagslega skuldbindandi alþjóðlegum viðskiptasamningum; samningum sem hafa stöðugt meira vægi í skipulagi samfélaganna. Slíkir samningar reynast í sífellt ríkari mæli hvíla á forsendum alþjóðlegs auðvalds.

Þrátt fyrir þrönga stöðu Íslands innan EES rammans hefur hann að geyma ákvæði sem gera kleift að undanþiggja Ísland tilteknum lögum og reglugerðum. Þar kemur til góða sú áhersla af hálfu samningamanna Íslands að samþykkja ekki sjálfkrafa upptöku. Þetta hefðum við getað og eigum enn að láta reyna á varðandi orkumálin, innflutning á matvælum og fleira. Eftir að við höfum hins vegar undirgengist hið yfirþjóðlega vald duga íslensk lög skammt þrátt fyrir yfirlýsingar þar að lútandi og kemur þá enn upp hvað átt sé við með orðalaginu í fyrirliggjandi lagafrumvarpi að setja megi lög sem aftengi innleiðingu á ESB rétti.

Eðlilegt er að spurt sé hvaða máli yfirleitt skipti hvort þetta ákvæði - endurskoðað orðalag á lögfestingu bókunar 35 - sé samþykkt. Ég er þeirrar skoðunar að samþykkt laganna væri pólitísk yfirlýsing; stuðningur við þróun EES samningsins inn í samfélagslegar lendur. Ekki verður um það deilt að frá því EES samningurinn var gerður hefur áherslan verið á aukið vægi markaðslausna og að félagslegur rekstur á vegum samfélagsins hefur verið víkjandi. Það er sú þróun sem við höfum haft fyrir augunum og er enn fyrirsjáanleg.

Síðan kunna að vera íslensk lög með afleidda, stundum óljósa, tengingu við Evrópurétt sem íslenskir dómstólar telja, og hafa talið, að skapi þeim ákveðið svigrúm eins og áður er vikið

að. Um þetta eru dæmi í dómum. Þetta svigrúm tel ég rétt og mikilvægt að varðveita en framselja ekki úr landi. Það myndi hins vegar gerast með samþykkt frumvarpsins. Til þess að öðlast sögulegan skilning á framvindunni þarf að halda því til haga að í samningsgerðinni frá því í byrjun tíunda áratugarins er hamrað á því að yfirþjóðlegt vald Evrópuréttar nái ekki til stjórnarskrárinnar. Svo er einnig gert í greinargerð með þessari lagasmíð.

Stjórnarskrárákvæðin sem um er að ræða skipta máli að tvennu leyti að minnsta kosti. Í fyrsta lagi á þetta við um innleiðingu Evrópuréttar. Í umræðu um stjórnarskrármálið á kjörtímabilinu 2009-13 var augljóst að ESB sinnar á þingi vildu breytingar á stjórnarskrá til að taka af öll tvímæli um að heimilt og helst hnökralaust yrði að framselja löggafarvald. Var horft öfundaraugum til norsku stjórnarskráinnar að þessu leyti.

Hitt atriðið er svo spurningin um hvað gerist ef lýstur saman innleiddum ESB rétti og íslensku stjórnarskránni. Í því sambandi vil ég nefna aftur dæmi þar sem ég þekki vel til og nú í sambandi við tilraunir mínar sem ráðherra að takmarka möguleika EES þegna til að kaupa land á Íslandi. Hafði ég fengið valinkunna fræðimenn, innlenda og erlenda, til að rannsaka hvort það stæðist EES samninginn að gera slíkar takmarkanir. Niðurstaða þeirra var sú að sterkar líkur væru á því að það stæðist ESB rétt og færðu þeir fyrir því sannfærandi rök. Eftirmaður minn í embætti afnam hins vegar reglugerð sem ég hafði sett um þetta efni, byggt á ábendingum fræðimannanna, og stakk lagafrumvarpi sama efnis undir stól því nýttilkallaðir ráðgjafar hefðu sagt ráðherranum að málið myndi eflaust tapast í Brussel. Á þetta hafði ég hins vegar viljað láta reyna.

Ég vek athgli á því að þessar deilur snerust því ekki um ásetning að hlaupast undan EES skuldbindingum heldur hvort látið skyldi reyna á þann skilning fræðimanna að EES samningurinn setti ekki þær skorður sem margir ætluðu varðandi eignarhald á landi. Mín afstaða var sú að við ættum að finna lagalega færar leiðir til að láta reyna á okkar ítrasta rétt. Tapaðist málið þá hefði verið eðllegt að látið yrði reyna á staðhæfingar fyrr, og svo aftur núna, af hálfu stjórnvalda, að íslenska stjórnarskráin stæði öllum “réttilega” innleiddum skuldbindingum ofar.

Í 72. grein stjórnarskrárinnar segir: “Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi”.

Fróðlegt hefði verið að sjá hvert hald hefði verið í íslensku stjórnarskránni gagnvart hinu yfirþjóðlega dómvaldi.

Ekki treysti ég mér þó til að fullyrða hver útkoman hefði orðið. ESB dómapraksís hefur verið að færa sig upp á skaftið líka gagnvart stjórnarskrárvörðum réttindum. Um það höfum við dæmi frá Frakklandi enda kemur fram í greinargerðinni að slíkt skuli gilda almennt innan ESB að evrópsk lög gangi framár stjórnarskrám aðildarríkja sambandsins.

En eitt treysti ég mér til að fullyrða, að ekki styrkjum við stöðu íslenskra almannahagsmuna með því að samþykkja lagafrumvarpið sem hér er til umfjöllunar. Þvert á móti þá kæmi þetta til með að veikja lýðræðislegt vald á Íslandi.

Að öllu þessu sögðu mæli ég eindregið gegn því að frumvarpið verði samþykkt.
Ögmundur Jónasson

(tölvupóstur 10.5.2023)